

# FRAMKVÆMD STYRKJAREGLNA 2016

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar



*Greinargerð til  
borgarráðs*

## Efnisyfirlit

INNGANGUR .....	2
BREYTINGAR Á STYRKJAREGLUM .....	3
YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA .....	4
HELSTU ÁBENDINGAR FJÁRMÁLASKRIFSTOFU.....	7
SAMANTEKT FJÁRMÁLASKRIFSTOFU.....	10
SVÖR SVIÐSSTJÓRA VIÐ FYRIRSPURNUM UM FRAMKVÆMDINA .....	10
VIÐAUKAR.....	13

## INNGANGUR

Borgarráð samþykkti hinn 15. mars 2012 nýjar reglur Reykjavíkurborgar um styrki, samstarfssamninga og þjónustusamninga og markmið, skilgreiningar og formreglur sem þar eru settar fram um styrkveitingar og gerð þessara samninga. Tilgangurinn var með setningu reglnanna var að samræma meðferð styrkveitinga hjá Reykjavíkurborg og um leið að skapa tækifæri til bættrar upplýsingagjafar og eftirlits. Gert var ráð fyrir að styrkjareglur fagráða yrðu aðlagðar þessum reglum þannig að fulls samræmis væri gætt. Með nýju styrkjareglunum var líka gerð sú breyting að einungis má gera bindandi styrkjasamninga til eins árs byggða á fjárheimildum fjárhagsáætlunar. Eigi styrkur eða samningur að standa til lengri tíma ber að gera fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt síðari fjárhagsáætlunum. Þetta er megin-regla hjá ríkinu. Þá er gert ráð fyrir að styrkjaafgreiðslum fagráða sé lokið eigi síðar en í lok janúar ár hvert.

Í samræmi við styrkjareglurnar skal fjármálaskrifstofa árlega taka saman greinargerð fyrir borgarráð um styrkveitingar, samstarfssamninga og þjónustusamninga og hvernig til hefur tekist að ná markmiðum borgarinnar. Greinargerð þessi byggir annars vegar á gögnum úr fjárhagsupplýsingakerfi borgarinnar (Agresso) og hins vegar á svörum sviðsstjóra við fyrirspurnum fjármálaskrifstofu um framkvæmdina. Vert er að benda á að einungis þrjú svið svöruðu FMS um framkvæmd styrkjareglna 2016 auk SBB en þau voru ÍTR, MOF og VEL. FMS gekk eftir því 21.mars 2016 hjá sviðum sem ekki svöruðu hverjar væru áætlanir sviðsins með innleiðingu reglna um kyngreind gögn . Svör bárust frá USK.

Árið 2016 er fjórða heila árið sem reglurnar gilda. Undanfarin ár hefur verið unnið að ýmsum minniháttar umbótum eftir því sem reynslan hefur kallað á. Aftast í skýrslunni eru gerðar tillögur um endurskoðun á reglunum í ljósi reynslunnar. Almennt er framkvæmd á upphaflegum styrkjareglum komin í gott horf og unnið hefur verið ötullega á öllum sviðum að fullnægja þeim kröfum og formreglum sem settar voru með styrkjareglunum.

Breytingar sem gerðar voru á reglunum með samþykkt borgarráðs 26. maí 2016 þar sem gerðar voru kröfur um kyngreind gögn hafa ekki komið til framkvæmda nema hjá Íþrótt- og tómstundasviði en velferðarsvið, menningar- og ferðamálasvið og umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofa borgarstjórnar vinna nú að endurskoðun á verklagsreglum þar sem skilgreint er verklag og ábyrgð hvað kyngreind gögn varðar. Ekki liggur fyrir hvort búið sé að uppfæra verklagsreglur á skóla- og frístundasviði í samræmi við ofangreinda samþykkt borgarráðs. Til að tryggja innleiðingu á umræddum breytingum á reglunum er gerð tillaga í þessari skýrslu um breytingar á styrkjahandbókinni sem er hjálögð svo breytt.

Reykjavík, 3. apríl 2017

*Birgir Björn Sigurjónsson,*  
fjármálastjóri

## BREYTINGAR Á STYRKJAREGLUM

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 26. maí 2016 þá breytingu á styrkjareglum að við lið 2.4 bættist ný 2. mgr. og 2. mgr. færðist aftar og varð 3. mgr. Nýja málsgreinin er orðuð þannig:

*„Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.“*

Fjármálaskrifstofa kallaði eftir upplýsingum frá sviðum og miðlægum skrifstofum um hvort reglum vegna styrkveitinga, samstarfssamninga og þjónustusamninga hafi verið breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt borgarráðs og þá með hvaða hætti. Einnig var kallað eftir upplýsingum um hvernig framkvæmdinni var háttað á árinu 2016 og hvar og hvernig kyngreind gögn væru vistuð. Óskað var eftir ítarlegri svörum frá þeim sviðum sem ekki höfðu uppfært verklagsreglur í samræmi við samþykktir Borgarráðs þar sem óskað var eftir útlistun á áformum sviðsins en sá póstur var sendur út 21.mars. Þar var spurt:

- 1) *Hvernig og hvenær hyggst sviðið koma þessum reglum inn í reglur sviðsins um styrkveitingar. Hvernig á að tryggja það að þeir sem sækja um og hljóta styrk/fjármagn frá borginni séu upplýstir um regluna.*
- 2) *Hvernig á að fylgja reglunum eftir, og tryggja að slík skil fari fram.*
- 3) *Hvernig á að vista og birta söfnun gagna.*

Skrifstofa borgarstjórnar auk allra sviða utan skóla- og frístundasviðs skiluðu ítarlegri upplýsingum varðandi áform sviðsins.

Íþrótt- og tómsundasvið greindi frá að sviðið hefði breytt sínum verklagsreglum og vinnur samkvæmt ofangreindri samþykkt borgarráðs. ÍTR fær kyngreind gögn og yfirlit yfir þátttöku í einstökum íþróttafélögum í félagsstarfi sem ráðið styrkir. Einnig eru nákvæmar upplýsingar á frísundakortinu þar sem koma fram kyngreind gögn um þátttöku í styrkhæfri starfsemi á vegum félaganna. Einnig hefur ÍTR bætt inn ákvæði í samning við styrkþega um að þeir skuli skila upplýsingum til ÍTR með kyngreindum gögnum um starfsemi viðkomandi félags eftir því sem við á. Fjármálaskrifstofa telur skjót viðbrögð ÍTR í þessum efnum vera öðrum til eftirbreytni.

Menningar- og ferðamálasvið telur ákveðin vandkvæðum bundið að framfylgja þessu ákvæði þar sem um fjölda styrkja er að ræða, allt frá örsmáum verkefnastyrkjum upp í stóra samstarfssamninga til allt að þriggja ára. Leggur MOF til að það verði sett inn í fyrirmynd að greinargerð sem öllum almennum styrkhöfum beri að útfylla. Verklagsreglum menningar- og ferðamálaráðs um styrki eru uppfærðar árlega að hausti. Reiknað er með að nýjar verklagsreglur verði staðfestar í ráðinu í september 2017 en MOF mun uppfæra umsóknareyðublöðin miðað við samþykkt Borgarráðs auk þess sem styrkþegar verða upplýstir um söfnun kyngreindra gagna í svarbréfi sviðsins. Á MOF er fylgst með því að styrkþegar fari eftir jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu borgarinnar. Skrifstofustjóri menningarmála hefur gengið á eftir kyngreindum gögnum hjá stærstu styrkhöfum sem eru með langtímasamninga og fengið slík gögn.

Velferðarsvið var ekki meðvitað um breytingar á styrkjareglum og kröfum um kyngreind gögn og hefur reglum VEL af þeim sökum ekki verið breytt en mun vera komið á dagskrá. Af þessum sökum hefur VEL ekki verið óskað eftir kyngreindum gögnum frá styrkþegum hingað til. Hins vegar hyggst sviðið uppfæra verklagsreglur, eyðublöð og svarbréf í samræmi við breytingar borgarráðs á árinu 2017.

Á Umhverfis- og skipulagssviði eru allar styrkjareglur í endurskoðun, ásamt verklagsreglum og umsóknareyðublöðum. USK telur að ekki þurfi miklar breytingar á styrkjareglunum sjálfum, heldur einungis á verklagsreglum og umsóknareyðublöðum. Í verklagsreglum USK verður tryggður ábyrgðarmaður á söfnun kyngreindra gagna og hvar og hvernig á að gera skil á þeim. Í umsóknareyðublöðum verður reitur, þar sem kyn umsækjanda verður tilgreint.

Hjá Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (SBB) eru ákvæði um kyngreinanleg gögn ekki komin inn í samninga sem hýstir eru hjá SBB fyrir starfsárið 2016 og skilum á slíkum upplýsingum því ekki sinnt fyrir árið 2016. Fyrirhugað að gera það fyrir nýja samninga fyrir árið 2017. Ekki hefur verið hugað að því hjá SBB hvernig kyngreind gögn verði vistuð eða birt. Lagt er til að fjármálaskrifstofa geri tillögur þess efnis í samvinnu við starfshóp um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg til að tryggja samræmd vinnubrögð. Jafnframt er lagt til að skoðað verði að útbúa eyðublað til útfyllingar fyrir styrkþega eða samstarfsaðila þar sem sett verði fram hvaða kyngreinanlegu gögnum er óskað eftir. Slíkt eyðublað myndi auðvelda fagsviðum og skrifstofum að framfylgja fyrrnefndri samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 og verða til þess að söfnun og úrvinnsla upplýsinganna verði með samræmdum hætti.

Ekki bárust svör frá öðrum sviðum við fyrirspurn fjármálaskrifstofu um framkvæmd styrkjareglna 2016. Í ljósi þessa telur fjármálaskrifstofa mikilvægt að endurskoða styrkjahandbókina til að gefa skýrari leiðbeiningar um framkvæmd á ofangreindri samþykkt borgarráðs og verður tillaga þar um gerð til borgarráðs á næstunni.

## YFIRLIT YFIR STYRKI OG SAMNINGA

---

Í meðfylgjandi yfirlitum eru teknar saman samtölur styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga eftir sviðum. Litið er á samninga við íþróttafélög sem samstarfssamninga og samninga við einkarekna leik- og grunnskóla sem þjónustusamninga. Samningar við Strætó bs, Sorpu bs, og Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins eru flokkaðir sem þjónustusamningar en þeir falla ekki undir þessar reglur.

Jafnframt fylgja með samtölur yfir styrkveitingar í formi fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta en þessar styrkveitingar eru undanþegnar styrkjareglum enda gilda sérreglur um þær.


Vakin skal athygli á því að í skýrslu FMS um framkvæmd styrkjareglna 2015 var framlag til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins ekki talið með. Ástæðan var sú að Skíðasvæðin voru flutt undir Aðalsjóð frá ársbyrjun 2015 og tölur 2014 og 2015 voru því ekki samanburðarhæfar. Nú hafa Skíðasvæðin verið bókuð á sama hátt árin 2015 og 2016 og er því framlagi til Skíðasvæðanna bætt inn í tölur 2015. Því er mismunur á framlögðum tölum í skýrslu FMS 2015 og nú en ítrekað að samanburður 2015 og 2016 er samanburðarhæfur í skýrslunni nú vegna ársins 2016.

Greitt var á grundvelli mörg hundruð samninga á árinu 2016 sem nánast allir eru skannaðir í Agresso. Alls hafa verið skannaðir rúmlega 2.300 samningar í fjárhagsbókhaldskerfi borgarinnar (Agresso), frá því byrjað var að vinna efir ofangreindum reglum, þar af eru yfir 550 samningar virkir á árunum 2016 og áfram. Um 50 samningar voru skráðir í Agresso með enga lokadagsetningu / gildistíma en þeir hafa nú allflestir verið lagfærðir og réttur gildistími settur inn.

### Styrkir á árinu 2016

Alls voru greiddar um 640,6 mkr vegna styrkveitinga og skiptust styrkfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum:


YFIRLIT YFIR STYRKJÁRHÆÐIR Á ÁRINU 2016	
Svið	Styrkjárhæðir 2016
Íþrótt- og tómstundasvið	89.863.201
Menningar- og ferðamálasvið	179.780.191
Mannréttindaskrifstofa	7.800.000
Skóla- og frístundasvið	23.997.654
Umhverfis- og skipulagssvið	22.447.000
Velferðarsvið	165.268.964
Borgarráð; styrkir og samningsb.	151.408.991
<b>Samtals</b>	<b>640.566.001</b>



### Samstarfssamningar á árinu 2016

Alls voru greiddar tæpar 6.604,6 mkr vegna samstarfssamninga á árinu 2016 og skiptust samningsfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum.


SAMNINGSFJÁRHÆÐIR SAMSTARFSSAMNINGA Á ÁRINU 2016	
Svið	Samn.fjárhæðir 2016
Íþrótt- og tómstundasvið	2.571.864.075
Menningar- og ferðamálasvið	1.909.010.917
Mannréttindaskrifstofa	0
Skrifstofa borgarstjórnar	28.152.772
Skóla- og frístundasvið	1.476.403.078
Umhverfis- og skipulagssvið RK	41.844.000
Velferðarsvið	577.341.587
Borgarráð	0
<b>Samtals</b>	<b>6.604.616.429</b>



### Þjónustusamningar á árinu 2016

Alls voru greiddar um 8.392mkr vegna þjónustusamninga og skiptust samningsfjárhæðir þannig eftir sviðum/málaflokkum:

SAMNINGSFJÁRHÆÐIR ÞJÓNUSTUSAMNINGA Á ÁRINU 2016	
Svið	Samn.fjárhæðir 2015
Íþrótt- og tómsundasvið	8.508.032
Skóla- og frístundasvið	3.043.311.241
Velferðarsvið	2.253.460.232
Samningar við Strætó, Sorpu og SHS	3.086.653.145
<b>Samtals</b>	<b>8.391.932.650</b>



Samningsbundnar greiðslur vegna Strætó bs, Sorpu bs og Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins eru flokkaðar hér með þjónustusamningum en falla ekki undir ofangreindar reglur.

### Aðrir styrkir áður ótaldir

Greiðslur vegna velferðarmála á árinu 2016 vegna fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta heyra ekki undir þessar reglur en námu 2.348,4 mkr.

### Heildargreiðslur á árinu 2016

Heildargreiðslur á árinu 2016 vegna styrkja, samstarfssamninga og þjónustusamninga auk styrkveitinga vegna velferðarmála námu 17.985 mkr. og hækkuðu um 1,2% frá árinu 2015.

HEILDARFJÁRHÆÐIR SAMNINGA Á ÁRINU 2016		
Svið	Samn.fjárhæðir 2016	
Íþrótt- og tómstundasvið	2.670.235.308	
Menningar- og ferðamálasvið	2.088.791.108	
Mannréttindaskrifstofa	7.800.000	
Skóla- og frístundasvið	4.543.711.973	
Umhverfis- og skipulagssvið	64.291.000	
Velferðarsvið	5.344.466.291	
Borgarráð; styrkir og samningsb.	3.266.214.908	
<b>Samtals</b>	<b>17.985.510.588</b>	
HEILDARFJÁRHÆÐIR SAMNINGA Á ÁRINU 2015		
Svið	Samn.fjárhæðir 2015	
Íþrótt- og tómstundasvið	2.698.201.375	
Menningar- og ferðamálasvið	1.964.652.326	
Mannréttindaskrifstofa	10.832.256	
Skóla- og frístundasvið	4.225.393.502	
Umhverfis- og skipulagssvið	52.860.552	
Velferðarsvið	5.652.166.324	
Borgarráð; styrkir og samningsb.	3.169.779.255	
<b>Samtals</b>	<b>17.773.885.590</b>	1,19%

## HELSTU ÁBENDINGAR FJÁRMÁLASKRIFSTOFU

### 1. Regla um hámarkslengd samninga:

Samstarfs- og þjónustusamninga (2.2-2.3) má að hámarki gera til þriggja ára í senn en fjárhagsskuldbindingar eftir fyrsta árið (fjárhagsárið) skal gera með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir það. Tillit hefur verið tekið til þessara breytinga á skilmálum í samstarfs- og þjónustusamningum borgarinnar frá gildistöku styrkjareglnanna. Undantekningar frá þessu eru framlög borgarinnar til Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem eru lögbundin og framlög borgarinnar til Hörpu ohf sem eru viðskiptaskuldbindingar. Gæta þarf að því að gildistími samninga sé settur rétt inn hjá sviðum í Agresso. Samningar gilda til 1., 2ja eða 3ja ára en ekki alltaf settur inn réttur gildistími. FMS hefur gert athugasemdir við nokkur svið með gildistíma samninga og þeir séu rétt settir inn í Agresso. Einnig er búið að breyta verklagi í Agresso þannig



að ekki er hægt að stofna samninga í Agresso nema fylla út gildistíma. Flest svið hafa lagfært rangar skráningar í Agresso nýlega eftir athugasemdir FMS við undirbúning þessarar skýrslu.

*Ábending: Reglu um hámarkslengd samninga er nánast án undantekninga fylgt. Mikilvægt er að tryggja að ofangreint ákvæði um fyrirvara um fjárheimildir séu virt í samningum til lengri tíma en árs. Bæta verður hins vegar skráningu á hámarkslengd samninga í Agresso. FMS telur að tilefni sé til að rýna betur bókanir á þróunarstyrkjum SFS þar sem þessir styrkir virðast almennt bókaðir á birgja en bóka ætti þá niður á viðkomandi svið/stofnanir/deildir ef enginn ákveðinn aðili er viðtakandi styrks.*

2. **Regla um fylgni styrkþega við stefnumörkun borgarinnar:**

Samkvæmt styrkjareglunum (2.4) skulu allir sem njóta styrkja borgarinnar eða eru viðsemjendur á grundvelli samstarfs- og þjónustusamninga kynna sér stefnumörkun borgarinnar og er áskilið af hálfu borgarinnar að þeir hlíti henni. Í langflestum tilvikum er viðsemjendum að þjónustu- og samstarfssamningum kynnt stefnumörkun og áherslur borgarinnar á hlutaðeigandi sviðum. Hjá Íþróttta- og tómsundasviði er í gildi samningur við Íþróttabandalag Reykjavíkur sem byggir á sameiginlegum markmiðum borgarinnar og ÍBR. Ef um er að ræða samninga vegna þjónustu er stefnumörkun að öllu jöfnu kynnt.

*Ábending: Gera verður kröfu um að þetta atriði komi skýrt fram í öllum samningum þannig að ekkert fari á milli mála um skyldur samningsaðila hvað þetta varðar.*

3. **Regla um að upplýsa skuli um að borgin sé styrkveitandi:**

Samkvæmt styrkjareglunum (2.4) skulu samningsaðilar vegna þjónustu- og samstarfssamninga upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg. Í auglýsingum um styrki og í flestum tilvikum í samstarfs- og þjónustusamningum er getið um að styrkþega eða samstarfsaðila sé skylt að geta um styrkveitingu borgarinnar til verkefnisins.

*Ábending: Gera verður kröfu um að þetta atriði komi skýrt fram í öllum samningum þannig að ekkert fari á milli mála um skyldur samningsaðila hvað þetta varðar.*

4. **Regla um upplýsingar á vef:**

Samkvæmt styrkjareglum (4.3) skulu upplýsingar um styrkþega, samstarfsaðila og þjónustusala vera aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar sem og afrakstur þeirrar vinnu sem verður til sé þess nokkur kostur.

*Ábending: Mikilvægt að upplýsingum um styrki, samstarfssamninga og þjónustusamninga verði komið á vef borgarinnar með samræmdum hætti.*

5. **Regla um skil á gögnum:**

Samkvæmt reglunum (5.2) skal styrkþegi eða eftir atvikum samningsaðili skila ákveðnum gögnum s.s. ársreikningi, framvinduskýrslu um verkefni ofl.

*Ábending: Fjármálaskrifstofa leggur áherslu á að öll gögn sem tilheyra hverjum samningi séu skönnuð í Agresso og gengið sé eftir því hjá sviðum að slík gögn berist s.s. ársreikningar, framvinduskýrslur ofl.*

6. **Regla um aðstöðu- og húsnæðisstyrki:**

Samkvæmt styrkjareglum (5.4 sbr. 6.2.1) skulu framlög Reykjavíkurborgar sem veitt eru í formi aðstöðu og/eða húsnæðis metin skv. reiknireglum borgarinnar um innri leigu og gerð grein fyrir þeim ásamt öðrum styrkjum á viðkomandi starfsári. Í þeim tilfellum sem Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir starfsemi samstarfsaðila, þá sendir Eignasjóður reikning á leigutaka/samstarfsaðila. Framlag eða hluti framlags þess sviðs sem ber ábyrgð á samstarfssamningi skal ávallt koma til greiðslu leigu áður en framlagið er greitt út. Á reikningnum

kemur fram heildarfjárhæð leigunnar, frádráttur vegna framlags og eftir atvikum krafa fyrir eftirstöðvum leigunnar. ÍTR hefur á undanförunum árum átt í samskiptum við fjármálaskrifstofu og innri endurskoðun vegna nokkurra styrkjamála. Hafa þau samskipti varðað bókhaldslega meðferð á styrkjum vegna innri leigu og húsaleigu frá þriðja aðila. Í mörgum tilvikum getur það verið óljóst hvort um sé að ræða styrki eða samstarfssamninga þegar um er að ræða samning um rekstur á eign borgarinnar s.s. íþróttahúsi og íþróttafélagið hefur tekið að sér reksturinn. Allar þessar fjárhæðir eru taldar með í meðfylgjandi skýrslu.

**Ábending:** Skv. styrkjareglum ber að skilgreina framlög borgarsjóðs á móti innri leigu sem styrki. Búið er að fara yfir þessa þætti með fagsviðum. FMS, ÍTR og IE þurfa að taka umræðu um þessa framkvæmd og hvort þurfi að breyta verklagi. Áréttað er að framkvæmd og utanumhald hjá ÍTR vegna þessa er í góðu lagi og umfang skýrt hjá ÍTR

#### 7. **Regla um skuldajöfnun:**

Á árinu 2014 var við afgreiðslu á greinargerð fjármálaskrifstofu samþykkt tillaga um að fjármálaskrifstofu sé heimilt að gera upp (skuldajafna) fasteignagjöld í vanskilum áður en styrkur eða samningsgreiðsla er innt af hendi. Þessi regla hefur verið framkvæmd síðan og gefið góða raun.

#### 8. **Áskilnaður um að samningur liggja fyrir í Agresso:**

Óheimilt er að greiða út styrk eða samningsgreiðslur nema að fyrir liggja skriflegur gerningur í Agresso í samræmi við reglur þessar. Krafist er samnings fyrir öllum greiðslum skv. styrkjareglum.

**Ábending:** Skv. styrkjareglum skal skriflegur samningur ávallt liggja fyrir í Agresso áður en greiðslur skv. samningnum eru inntar af hendi. Ætíð verður að fylla út allar upplýsingar um samninga í Agresso, gildistíma ofl. og var því verklagi breytt 2015 og hefur gefið góða raun. Nú er búið að laga nánast alla samninga í Agresso sem voru með rangt skilgreindan gildistíma og þeir merktir nú með réttum gildistíma.

#### 9. **Regla um skil á kyngreindum gögnum:**

Breytingar sem gerðar voru á styrkjareglum á árinu 2016 virðast einungis hafa komist til skila hjá ÍTR sem uppfært hefur reglur til samræmis og fær uppgæfnar slíkar upplýsingar. Önnur svið virðast ekki hafa uppfært sínar reglur og er vert að benda á að svið uppfæri reglur til samræmis við samþykkt borgarráðs.

## SAMANTEKT FJÁRMÁLASKRIFSTOFU

---

Það er mat fjármálaskrifstofu að skýrar markmiðssetningar, skilgreiningar og formreglur um styrkveitingar, gerð samstarfsamninga og gerð þjónustusamninga í styrkjahandbókinni hafi skapað nýjan og traustari grunn fyrir samræmdri málsmeðferð hjá Reykjavíkurborg. Góð vinnubrögð, verklag og utanumhald einkennir framkvæmd styrkjareglna og meðhöndlun samninga hjá sviðunum og skrifstofum og hefur orðið mikil breyting á fáum árum. Af þessu leiðir að aðgengileiki að gögnum er gjörbreyttur og eftirlit sömuleiðis. Áframhaldandi þróun að þessu leyti mun leiða til enn betri upplýsingagjafar. Þannig virðist megintilgangur nýrra reglna um styrkjamálin hafa gengið eftir.

Lagt er til að því verði beint til fagráða og fagsviða að leggja aukna áherslu á að meta árangur þeirra verkefna sem njóta styrkja Reykjavíkurborgar eða sem borgin á samningsaðild að. Miðað við fyrirbyggjandi upplýsingar frá sviðunum þarf að mati fjármálaskrifstofu að gefa þessu atriði meiri gaum. Æskilegt er að setja skýrari kröfur um árangursmat og gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þess. Þetta á sérstaklega við um langtímasamninga.

Almennt telja sviðin að ávinningur sé af styrkjareglum og styrkjahandbókinni sem innleiddar voru árið 2012. Undanfarin ár hafa verið notuð vel til þróunar á verklagi og vinnubrögðum. Gott samstarf hefur verið milli FMS og sviða Reykjavíkurborgar með útfærslu og framkvæmd. Bent hefur verið á að styrkjahandbók mætti einfalda og hún jafnvel talin of löng og flókin í dag. Hins vegar telja svið Reykjavíkurborgar og FMS að ávinningurinn af þessu verklagi sé mikill og talin m.a.: Bætt og fagleg vinnubrögð, meiri skilvirkni og eftirfylgd, aukin samræming á milli allra sviða borgarinnar og aukins gagnsæis.

Fjármálaskrifstofa óskaði sérstaklega eftir upplýsingum frá sviðum og miðlægum skrifstofum um hvort reglum vegna styrkveitinga, samstarfssamninga og þjónustusamninga hafi verið breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt borgarráðs og þá með hvaða hætti. Einnig var kallað eftir upplýsingum um hvernig framkvæmdinni var háttað á árinu 2016 og hvar og hvernig kyngreind gögn væru vistuð.

Íþrótt- og tólmstundasvið hefur breytt verklagsreglum og vinnur samkvæmt ofangreindri samþykkt borgarráðs. Einnig hefur ÍTR bætt inn ákvæði í samning við styrkþega um að þeir skuli skila upplýsingum til ÍTR með kyngreindum gögnum um starfsemi viðkomandi félags eftir því sem við á.

Menningar- og ferðamálasvið leggur til að það verði sett inn í fyrirmynd að greinargerð sem öllum almennum styrkhöfum beri að útfylla. Reiknað er með að nýjar verklagsreglur verði staðfestar í ráðinu í september 2017 en MOF mun uppfæra umsóknareyðublöðin miðað við samþykkt Borgarráðs auk þess sem styrkþegar verða upplýstir um söfnun kyngreindra gagna í svarbréfi sviðsins.

Velferðarsvið hyggst uppfæra verklagsreglur, eyðublað og svarbréf í samræmi við breytingar borgarráðs á árinu 2017.

Á Umhverfis- og skipulagssviði eru allar styrkjareglur í endurskoðun, ásamt verklagsreglum og umsóknareyðublöðum en þar verður passað upp á verklag og ábyrgð kyngreindra gagna.

Hjá Skrifstofu Borgarstjóra og borgarritara eru ákvæði um kyngreinanleg gögn ekki komin inn í samninga en fyrirhugað að gera það fyrir nýja samninga fyrir árið 2017.

SBB leggur til að fjármálaskrifstofa geri tillögur um hýsingu og birtingu gagna í samvinnu við starfshóp um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg til að tryggja samræmd vinnubrögð. Jafnframt er lagt til að skoðað verði að útbúa eyðublað til útfyllingar fyrir styrkþega eða samstarfsaðila þar sem sett verði fram hvaða kyngreinanlegu gögnum er óskað eftir. Slíkt eyðublað myndi auðvelda fagsviðum og skrifstofum að framfylgja fyrirnefndri samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 og verða til þess að söfnun og úrvinnsla upplýsinganna verði með samræmdum hætti.

Önnur svið svöruðu ekki fyrirspurn FMS um framkvæmd styrkjareglna 2016 og FMS hefur því ekki vitneskju um hvort reglum þeirra sviða hafi verið breytt en tilefni er til að ítreka samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 um kröfu um kyngreind gögn varðandi styrki, samstarfssamninga og þjónustusamninga borgarinnar.

Í ljósi þessa telur fjármálaskrifstofa mikilvægt að endurskoða styrkjahandbókina til að gefa skýrari leiðbeiningar um framkvæmd á ofangreindri samþykkt borgarráðs og er tillaga hér meðfylgjandi. Það er gert til þess að festa verklag kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar enn betur í sessi og tryggja það að Reykjavíkurborg hafi vitneskju um hvort þeir styrkir sem borgin veitir stuðli að auknum mannréttindum og jafnrétti.

## SVÖR SVIÐSSTJÓRA VIÐ FYRIRSPURNUM UM FRAMKVÆMDINA

FMS sendi 13.feb. 2017 út spurningar á öll svið Reykjavíkurborgar. Hér að neðan eru spurningar og svör sviða en þau svið sem svöruðu voru ÍTR, MOF og VEL

Spurningar FMS til sviða Reykjavíkurborgar og samantekt á svörum:

*Spurt var um fylgni við reglur um að senda styrkþega skriflega tilkynningu um afgreiðslu styrks, greiðsluskilmála, greiðsludagsetningar, með hvaða hætti eftirfylgni væri og skil á framvinduskýrslu.*

Styrkþegum eru sendar skriflega tilkynningar um styrkveitingar, einnig þeim sem er hafnað um styrkveitingar. Styrkþegar eru almennt upplýstir um reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Almennt eru styrkþegar látnir skrifa undir samning og gert ljóst að skila þurfi framvinduskýrslu eða lokaskýrslu. Auk þess að styrkþegum beri að upplýsa í sínu kynningarefni að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Fáí umsækjendur ekki styrk er þeim í flestum tilfellum tilkynnt það skriflega. Mannréttindastefna, stefna í íþróttamálum, jafnréttisstefna, stefna Reykjavíkurborgar um málefni aldrara ofl. stefnur eru hafðar að leiðarljósi hjá sviðum þegar það á við.

*Spurt var um eftirfylgni sviðs/skrifstofu með t.d. hvort framvinduskýrslu væri skilað eða hvort styrkur var greiddur án þess að framvinduskýrslu lægi fyrir.*

Almennt eru styrkir sviða ekki greiddir út nema að framvinduskýrsla liggja fyrir, ef það á við.

*Spurt ar um eftirfylgni með styrkveitingu, samstarfssamningum og þjónustusamningum hafi gengið eftirmeðtillititil skila á áfangaskýrslum, lokaskýrslu, greinargerð um ráðstöfun styrks (eyðublað á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)) og þá hvort greinargerð hafi verið skilað innan 2ja mánaða frá verklokum.*

Almennt er gengið eftir lokaskýrslum og greinargerðum með styrkjum og þeim skilað inn á vef Reykjavíkurborgar eða í pósti.

*Spurt var um hvernig gengið hafi og þá með hvaða hætti lagt var mat á árangur, ráðstöfun fjármagns, starfsáætlun, skil á greinargerð í lok starfsárs v/samstarfssamninga og skil á reikningum. Svára þarf hér hvort fyrirvari vegna fjárhagsháætlunar komi fram í samningum til lengri tíma en árs.*

Hjá ÍTR hefur ekki verið lagt mat á minni styrki ráðsins, frá 100.000 kr. til 1.000.000 kr. Mat er lagt á stærri styrkveitingar. Fyrirvari er í öllum samþykktum og samningum um samþykkt fjárhagsáætlunar, ef samningar eru til lengri tíma en eins árs, en slíkir samningar eru yfirleitt ekki gerðir hjá ÍTR. Í öllum samningum og styrkjum VEL eru settir mælikvarðar um árangur sem styrkþega ber að svara í greinargerð um verkefnið. Í samningum til lengri tíma en eins árs er fyrirvari vegna fjárhagsáætlunar. Hjá SBB er kveðið á um í samningum um árlegan samráðsfund ummat á árangri og ávinningi.

*Spurt var um hvort verkefni/samningar hafi verið kynntir á fagsviði.*

Hjá ÍTR eru allir samningar kynntir fyrir íþrótt- og tólmstundaráði. Styrkveitingar MOF voru kynntar á opnum fundi. Ekki hefur verið sérstök kynning á verkefnum eða samningum hjá VEL. Hjá SBB eru allir samningar lagðir lagðir fram í drögum í borgarráði til samþykktar.

Spurt var um hvort krafist hafi verið endurgreiðsla vegna vanefnda á samning eða samningum rift.

Ekki hefur komið til þess að krefjast endurgreiðslu á samningi eða að samningi hafi verið rift hjá ÍTR, VEL né SBB en tveir styrkir voru endurgreiddir hjá MOF

*Spurt var um hvort stefnumörkun Reykjavíkurborgar hafi verið kynnt fyrir styrkþegum / viðsejendum og þá hvaða stefnumörkun átti við. Með hvaða hætti var eftirfylgnin.*

Almennt er stefnumörkun Reykjavíkurborgar á hinum ýmsu sviðum er kynnt – hjá ÍTR er t.d. stefnumörkun borgarinnar í íþróttamálum kynnt. Hjá MOF er t.d. menningarstefna borgarinnar kynnt. Hjá VEL er t.d. stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara, mannréttindastefna ofl. kynnt.

*Spurt var um hvort samningsaðilum/styrkþegum hafi verið kynnt að þeim bæri að upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg. Með hvaða hætti var eftirfylgnin.*

Almennt eru samningsaðilar/styrkþegar upplýstir um að þeir verði að kynna það að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg og þeir geti þess í sínu kynningarefni. Þá er einnig getið um það í viðkomandi samningi.

Hjá ÍTR er tiltekið í samningi: „Styrkþegi skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að verkefnið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagræðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar.“ ÍTR hefur látið útbúa sérstakt merki og texta fyrir félögin til að setja meðal annars á heimasíður.

Hjá MOF er lögð rík áhersla á kynningu á Reykjavíkurborg. Þegar væntanlegur styrkþegi fær jákvætt svar um styk er áréttað í stendur þetta í bréfinu: „Styrkveiting felur í sér að í kynningarefni og umfjöllun um verkefnið sé þess getið að það er styrkt af Reykjavíkurborg. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á vef Reykjavíkurborgar. Eftirfylgni með þessu er gætt vel í langtímasamningum og eftir atvikum í stuttu samningunum. Það heyrir til algjörra undantekninga ef styrkþegar upplýsa ekki um að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg.

Hjá VEL er einnig fylgst vel með þessu og ítrekað að styrkþegum beri að taka fram að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg og skulu geta þess í kynningarefni sínu.

Hjá SBB

*Spurt var um hvort ábyrgðaraðilar samninga hafi verið skráðir og hvort samningar hafi verið vistaðir í Agresso. Hvortforsendursamninga hafi verið í samræmi við samþykktir. Hvort bókunarblað hafi verið rétt skráð og hvernig það nýttist. Hvort gildistími og ábyrgðaraðili samnings hafi verið skráð í Agresso og áminningaferlið hagnýtt. Ábendingar óskast ef breytinga er þörf.*

Allir samningar eru skannaðir og skráðir inn í Agresso með skilgreindum ábyrgðaraðila og gildistíma. Þá hefur bókunin verið rétt skráð og ábendingakerfið nýtt þegar það á við. Gildistími og ábyrgðaraðili samnings hafa verið skráð í Agresso. Mismunandi er eftir sviðum hvort þörf er fyrir áminningaferlið.

Í ljós hefur komið við yfirferð FMS að dæmi eru um að gildistími samninga hafi verið rangt skráður. FMS hefur gert athugasemdir við slíkt við viðkomandi svið og voru upplýsingar um rangt skráða samninga sendir til sviða við undirbúning þessarar skýrslu. Nánast allir samningar hafa nú verið lagfærðir í Agresso. Til að tryggja að allir samningar séu rétt skráðir þá hefur lagfæring verið gerð í Agresso þannig að nauðsynlegt er að fylla út gildistíma þegar samningar eru skráðir í Agresso og ekki er hægt að ljúka skráningu samnings fyrir en það hefur verið fyllt út.

*Hvort styrkir hafi verið bókaðir á rétta lykla skv. leiðbeiningum Fjármálaskrifstofu. Vegna fyrirspurnar innri endurskoðunar er sérstaklega spurt eftir með hvaða hætti styrkir í formi aðstöðu og/eða húsnæðis eru skráðir.*

Almennt eru í svörum sviða að réttir lykjar séu notaðir skv. leiðbeiningum FMS. ÍTR hefur undanfarin ár verið í samskiptum við FMS og innri endurskoðun um bókunaraðferðir á innri leigu. FMS hefur verið í samskiptum við VEL og SFS varðandi bókun vistunargjalda. Þau mál eru afgreidd milli FMS og VEL en þarf að skoða betur með SFS en SFS svaraði ekki óskum um framkvæmd styrkjareglna 2016 þ.a. ekki er liggur fyrir hvort þetta er afgreitt af hendi SFS. Athugasemdir komu fram í svörum VEL um að lykjar vegna styrkjamála hentuðu VEL ekki nægjanlega og mun FMS kalla eftir frekari rökum frá sviðinu.

#### *Hvaða ávinningur sé af styrkjahandbók.*

Almennt telja sviðin að ávinningur sé af styrkjahandbókinni. Hana mætti þó einfalda og jafnvel talin of löng og flókin í dag. Ávinningurinn er talin m.a.: Bætt og fagleg vinnubrögð, meiri skilvirkni og eftirfylgd, aukin samræming á milli allra sviða borgarinnar og aukins gagnsæis

#### *Hverning hefur ábendingum fjármálaskrifstofu við eftirfylgni við styrkjareglur verið fylgt eftir.*

Ábendingum FMS hefur almennt verið fylgt eftir og unnið hefur verið úr ábendingum úr fyrri skýrslum FMS.

#### *Hvernig hefur ábendingum innri endurskoðunar við eftirfylgni við styrkjareglur verið fylgt eftir.*

Hjá ÍTR hefur ábendingum innri endurskoðunar verið fylgt eftir nema að enn er ágreiningur á milli aðila í borgarkerfinu um skráningu á innri leigu vegna þeirra mannvirkja sem borgin á og hefur með sérstökum samningi. Fjárhæðir þessara samninga hafa verið tiltekna í skýslum undanfarin ár en athugasemdir IE snúa að verklagi. Á öðrum sviðum er ekki fyrir hendi óafgreiddar athugasemdir IE.

## VIÐAUKAR

---

Bréf fjármálastjóra til sviðsstjóra og skrifstofustjóra vegna vinnslu þessarar skýrslu dags.13.feb. 2017.

Samantektir sviðsstjóra og skrifstofustjóra til fjármálaskrifstofu

Yfirlit yfir styrki og samninga á árinu 2016



Fjármálaskrifstofa  
Birgir Björn Sigurjónsson  
fjármálastjóri  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

### ***Svar við fyrirspurn um framkvæmd styrkjareglna á árinu 2016***

Með bréfi fjármálastjóra móttakið 13. febrúar sl., er óskað eftir upplýsingum frá sviðum borgarinnar um með hvaða hætti var gengið frá styrkveitingum, samstarfssamningum og þjónustusamningum á árinu 2015 og hver eftirfylgni með þeim var. Eftirfarandi eru svör ÍTR við fyrirspurnum fjármálaskrifstofu:

#### ***Hvort styrkþega var send skrifleg tilkynning um afgreiðslu styrks, greiðsluskilmála, greiðsludagsetningar, með hvaða hætti eftirfylgni væri og skil á framvinduskýrslu.***

Styrkþegum eru sendar skriflega tilkynningar um styrkveitingar, einnig þeim sem er hafnað um styrkveitingar. Styrkþegar eru upplýstir um reglur Reykjavíkurborgar um styrki. Í samningi sem þeir skrifa undir kemur fram að skila þurfi framvinduskýrslu eða lokaskýrslu eftir tilvikum og einnig kemur fram að þeim beri að upplýsa í kynningu á starfsemi sinni að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg.

#### ***Með hvaða hætti var eftirfylgni sviðs/skrifstofu með t.d. hvort framvinduskýrslu væri skilað eða hvort styrkur var greiddur án þess að framvinduskýrslu lægi fyrir.***

Ekki voru greiddir út styrkir nema að framvinduskýrsla lægi fyrir, ef það átti við.

#### ***Hvernig eftirfylgni með styrkveitingu, samstarfssamningum og þjónustusamningum hafi gengið með tilliti til skila á áfangaskýrslum, lokaskýrslu, greinargerð um ráðstöfun styrks (eyðublað á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)) og þá hvort greinargerð hafi verið skilað innan 2ja mánaða frá verklokum.***

Það er skilað inn lokaskýrslum og greinargerðum með styrkjum inn á vef Reykjavíkurborgar og í pósti. Þegar þjónustusamningar eru gerðir við aðila (íþróttafélög) þá er skipuð rekstrarstjórn, með fulltrúa ÍTR, sem annast reksturinn.

#### ***Hvernig gengið hafi og þá með hvaða hætti lagt var mat á árangur, ráðstöfun fjármagns, starfsáætlun, skil á greinargerð í lok starfsárs v/samstarfssamninga og skil á reikningum. Svara þarf hér hvort fyrirvari vegna fjárhagsáætlunar komi fram í samningum til lengri tíma en árs.***

Ekki hefur verið lagt mat á minni styrki ráðsins, frá 100.000 kr. til 1.000.000 kr. Mat er lagt á stærri styrkveitingar. Fyrirvari er í öllum samþykktum og samningum um samþykkt fjárhagsáætlunar, ef samningar eru til lengri tíma en eins árs, en slíkir samningar eru yfirleitt ekki gerðir hjá ÍTR.

#### ***Hvort verkefni/samningar hafi verið kynntir á fagsviði.***

Allir samningar eru kynntir fyrir íþrótt- og tómsfundarráði. Allar skýrslur um störf styrkþega eru lagðar fyrir íþrótt- og tómsfundaráð.

**Hvort krafist hafi verið endurgreiðsla vegna vanefnda á samning eða samningum rift.**  
Ekki hefur komið til þess að krefjast endurgreiðslu á samningi eða að samningi hafi verið rift.

**Hvort stefnumörkun Reykjavíkurborgar hafi verið kynnt fyrir styrkþegum/ viðsemjendum og þá hvaða stefnumörkun átti við. Með hvaða hætti var eftirfylgnin.**

Stefnumörkun Reykjavíkurborgar í íþróttamálum var unnin af ÍTR og ÍBR og samþykkt af borgarráði, og kynnt félögum í framhaldinu og haldnir fjölmargir fundir í framhaldinu. Nýr samningur Reykjavíkurborgar og ÍBR f.h. íþróttafélaganna hefur verið kynntur öllum viðkomandi aðilum.

**Hvort samningsaðilum/styrkþegum hafi verið kynnt að þeim bæri að upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg. Með hvaða hætti var eftirfylgnin.**

Samningsaðilum/ styrkþegum hafa verið upplýstir um að þeir verði að kynna það að þeir njóti styrks frá Reykjavíkurborg. Þá er einnig getið um það í viðkomandi samningi.

„Styrkþegi skal ávallt láta þess getið í öllu kynningarefni að verkefnið hafi hlotið styrk frá Reykjavíkurborg og skal verkefnið auðkennt með merki Reykjavíkurborgar. Styrkþega er skylt að kynna verkefnið hjá fagsviðum og fagraðum Reykjavíkurborgar hvenær sem þess er óskað án sérstakrar þóknunar.“ ÍTR hefur látið útbúa sérstakt merki og texta fyrir félögin til að setja meðal annars á heimasíður. Ákvæði um þetta er í nýjum samningi við ÍBR.

Upplýsingar um þetta er m.a. að finna á heimasíðum félaga.

**Hvort ábyrgðaraðilar samninga hafi verið skráðir og hvort samningar hafi verið vistaðir í Agresso. Hvort forsendur samninga hafi verið í samræmi við samþykktir. Hvort bókunarblað hafi verið rétt skráð og hvernig það nýttist. Hvort gildistími og ábyrgðaraðili samnings hafi verið skráð í Agresso og áminningaferlið hagnýtt. Ábendingar óskast ef breytinga er þörf.**

Allir samningar eru skannaðir og skráðir inn í Agresso með skilgreindum ábyrgðaraðila og gildistíma. Þá hefur bókunin verið rétt skráð og ábendingakerfið mun verða nýtt þegar það á við.

**Hvort styrkir hafi verið bókaðir á rétta lykla skv. leiðbeiningum Fjármálaskrifstofu. Vegna fyrirspurnar innri endurskoðunar er sérstaklega spurt eftir með hvaða hætti styrkir í formi aðstöðu og/eða húsnæðis eru skráðir.**

Samningar hafa verið gerðir við eftirfarandi lykla 5629 Aðrir þjónustusamningar, 5632 Byggingastyrkir (framkvæmdastyrkir), 5635 Í.B.R. v/íþróttastarfsemi, 5649 Aðrir samstarfssamningar og 5829 Aðrir styrkir. Þá hefur innri leiga ekki verið bókuð sem styrkir heldur er hún bókuð á Lykil 5519 Húsaleiga – innri leiga Eignasjóð en ekki á lykla 5624 eða 5634 sem stofnaðir voru vegna innri leigu. ÍTR hefur verið í samskiptum við FMS og innri endurskoðun um bókunaraðferðir á innri leigu.

**Hvaða ávinningur sé af styrkjahandbók.**

Það er ávinningur af því að hafa styrkjahandbók. Það þyrfti engu að síður að endurskoða og einfalda hana, en í dag er hún bæði of löng og flókin.

**Hvernig hefur ábendingum fjármálaskrifstofu við eftirfylgni við styrkjareglur verið fylgt eftir.**

Farið er eftir styrkjareglum borgarinnar, þegar styrkir eru veittir.

**Hvernig hefur ábendingum innri endurskoðunar við eftirfylgni við styrkjareglur verið fylgt eftir.**


Ábendingum innri endurskoðunar hefur verið fylgt eftir nema að enn er ágreiningur á milli aðila í borgarkerfinu um skráningu á innri leigu vegna þeirra mannvirkja sem borgin á og



hefur með sérstökum samningum falið öðrum aðilum rekstur á. Sjá sérstk. minnisblað.

Varðandi skil styrkþega á kyngreindum gögnum þá fær ÍTR yfirlit yfir þátttöku í einstökum íþróttafélögum í félagsstarfi sem ráðið styrkir. Koma þessa upplýsingar fram í skýrslum félaganna um þátttöku, í ársskýrslum og öðrum gögnum sem ráðinu og sviðinu berst reglulega. Þá heldur ÍTR utan um upplýsingar á frístundakortinu þar sem koma fram nákvæm kyngreind gögn um þátttöku í styrkhæfri starfsemi á vegum félaga. Reglulega eru upplýsingar um þessi atriði lögð fyrir íþróttá- og tómstundaráð.

Þá hefur ÍTR bætt inn ákvæði í samninga við styrkþega um að þeir skuli skila upplýsingum til ÍTR með kyngreindum gögnum um starfsemi viðkomandi félags eftir því sem við á.



Ómar Einarsson.



Varðandi athugasemd fjármálaskrifstofu vegna ársins 2015 um aðstöðu- og húsnæðisstyrki þar sem kemur fram að mati innri endurskoðunar skorti enn á að ÍTR framfylgi reglu um þessi atriði með réttum hætti.

ÍTR gerði í febrúar 2015 athugasemd og kom með ábendingar vegna þessa skv. eftirfarandi.

### **Ábendingar ÍTR við bókhaldslega meðferð húsnæðisstyrkja til þriðja aðila og fylgni við reglur.**

Við skoðun á styrkjareglum borgarinnar varðandi bókun á innri leigu sem styrkveiting til þriðja aðila, þá eru nokkur atriði sem þurfa að liggja fyrir. Til að mynda þegar litið er á styrki ÍTR þá eru þeir fjölbreyttir og mismunandi fyrirkomulag á styrkjum til félaga.

Það getur verið óljóst í sumum tilvikum að greina á milli þess hvenær innri leiga á að vera skilgreind sem styrkur til þriðja aðila eða hvort það sé hluti af rekstri sviðsins og á þetta við um fleiri svið. Ef það á að vera hægt að nota sér lykill fyrir innri leigu til þriðja aðila og annan lykil fyrir innri leigu borgarinnar þá verður að fara í vinnu við að skilgreina nánar þessi mörk.

Þegar horft er á styrki ÍTR s.l. 3 ár má sjá að gerðir eru samningar við styrkþega og þeir settir inn í Agresso að undanskyldum örfáum undantekningum. Þeir styrkir sem eru inn í Agresso eru t.d. allir styrkir ráðsins, bygginga- og viðhaldsstyrkir, rekstarstyrkir við félagasamtök og aðrir húsaleiga-, rekstrar- og æfingarstyrkir. Þeir styrkir eru bókaðir á viðeigandi bókhaldslykla. Húsnæði sem er í eigu borgarinnar en í rekstri annarra aðila er haldið utan um á kostnaðarstað *19050 Borgarmannvirki*. Inn á þann kostnaðarstað er einungis bókað á lykla *5519 sem er Húsaleiga – innri leiga og 5526 Innri leiga – bifreiðar*. Þar er mannvirki eins og t.d.

Laugardalsvöllur sem eru í eigu Reykjavíkurborgar og var rekin af borginni þangað til að gerður var rekstrarsamningur við KSÍ um að þeir myndi reka Laugardalsvöll fyrir Reykjavíkurborg. Það eru einnig fleiri mannvirki sem eru í eigu Reykjavíkurborg en eru rekin af öðrum með sérstöku þjónustusamning. Þá ber að vekja athygli á því að 5 íþróttahús sem eru í eigu borgarinnar hefur ÍTR hefur gert rekstrarsamning við íþróttafélög um rekstur á þeim. Rekstrarsamningur er við ÍR um að reka íþróttahúsið við Austurberg og íþróttahúsið við Seljaskóla, Fjölnir er að reka Íþróttamiðstöðina í Grafarvogi, Þróttur og Ármann eru að reka Laugarból og Fákur er að reka Reidhöllina. Þessi félög eru með rekstrarsamning við ÍTR og er því ekki flokkað sem húsnæðisstyrkur. Eins og sést á þessari upptalningu getur það verið óljóst hvort það eigi yfir höfuð að senda reikning fyrir þessum kostnaði og þá hverjum.

Leigusamningar við þriðja aðila eins og samningar Reykjavíkurborgar um leigu á Íþróttahúsinu og sýningahöllinni, Mest húsinu eða Egilshöll eru leigusamningar við Reykjavíkurborg en síðan getur notkunin verið afar mismunandi eftir því hver er að nýta þessi mannvirki. Þá er það óljóst hvort það eigi að gera samning um styrk við ÍSH eða Reginn ehf eða hvort það þætti að fara í þá greiningarvinnu að finna hvaða félag nýtti hvaða hluta af mannvirkinu í hvað langan tíma yfir heilt ár.

Fyrir liggur að ÍTR er að taka upp nýtt mannvirkjakerfi. Í kerfið verða allir tímar félaga skráðir með ítarlegum hætti. Þannig má taka skýrslur um skiptingu tíma á milli félaga í íþróttahúsum. Slík skýrsla kemur til með að auka gagnsæi á nýtingu á íþróttahúsum. Þrátt fyrir það er ekki hægt að segja að það sé hægt að kostnaðargreina mannvirki með þeim hætti.

Þegar talað er um að mikilvægt sé að fullnægja upplýsingarskildu til skattayfirvalda og ekki náist

nægjanlegar upplýsingar úr bókhaldi til að það sé tryggt. Þá ber að laga það, þó engu að síður er mikilvægt að þau félög sem hafa tekið að þér að reka eitthvert mannvirki fyrir borginna með rekstrarsamningi komi ekki til með að þurfa að sýna alla innri leigu borgarinnar af þeim mannvirkjum í sínum bókum. Þetta á svo líka við mannvirki sem ÍTR leigir eins og t.d. Egilshöll og Íprótta- og sýningarhöllina sem getur verið með breytilegri notkun.

Á svari fjármálaskrifstofu til innri endurskoðunar vegna þessa kom m.a. fram „ÍTR gerir í meðfylgjandi skjali grein fyrir sinni sýn á málin sem má færa tók fyrir. Ef þau verða tekin góð og gild kanna að þurfa að gera ákveðna endurskoðun á orðalagi styrkjareglna til að þetta rúmist ótvírætt innan þeirra“.

Svar IE „IE mun ganga frá minnisblaði sínu m.a. á grundvelli framkominna athugasemda“.

Í minnisblaði IE dags. 1. október 2015 um bókhaldslega meðferð húsnæðisstyrkja til þriðja aðila og fylgni við reglur segir m.a.: „Innri endurskoðun tekur undir að fara þurfi í skilgreiningu á hvað flokkist sem styrkir og hvað ekki hjá ÍTR. Af athugasemdum ÍTR má ráða að ÍTR þarf að fara í vinnu við að skilgreina samninga við þá aðila sem njóta leigufrís húsnæðis (sem núna eru gjaldfærðir á lykil 5519 húsaleiga – innri leiga Eignasjóðs, á kostnaðarstað I9050 húsaleiga af borgarmannvirkjum), þannig að framlag í formi afnota af húsnæði eða búnaði sé fært á þann lykil sem ætlaður er til þess að halda utan um slíka samninga sbr. gildandi styrkjareglur. Yfirfara þarf samninga og skilgreina hvað getur fallið undir reglurnar og hvað mögulega ekki. Eðlilegt er að FMS sé ráðgefandi við þessa vinnu og sé í einhverjum tilvikum ekki framkvæmanlegt að fara að reglunum þarf FMS að endurskoða reglurnar með tilliti til þess.

Ekki hefur verið unnið frekari í þessu máli eftir bréf innri endurskoðunar 1. október 2015.

ÍTR telur að endurskoða þurfi reglurnar með tilliti til þeirra mannvirkja sem borgin á og ÍTR greiðir innri leiðu fyrir en þriðji aðili annast rekstur með sérstökum rekstar- og þjónustusamningi.







Reykjavíkurborg  
Velferðarsvið

Fjármálaskrifstofa Reykjavíkurborgar  
b/t Birgis Björns Sigurjónssonar

Reykjavík, 1. mars 2017  
Tilvísun R17020025  
VEL2016080003

## **Efni: Svar við fyrirspurn fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar varðandi framkvæmd styrkjareglna á árinu 2016.**

### **Forsaga:**

Í bréfi dags. 2. febrúar 2017 óskar fjármálaskrifstofa eftir upplýsingum frá sviðum borgarinnar og skrifstofu borgarstjórnar um með hvaða hætt var gengið frá styrkveitingum, samstarfssamningum og þjónustusamningum á árinu 2016 og hver eftirfylgni með þeim var.

### **Eftirfylgni með styrkjareglum.**

Hvort styrkþega var send skrifleg tilkynning um afgreiðslu styrks, greiðsluskilmála, greiðsludagsetningar, með hvaða hætti eftirfylgni væri og skil á framvinduskýrslu.

Styrkþegum hefur verið send skrifleg tilkynning um afgreiðslu styrks. Í bréfum til styrkþega kemur fram hvenær styrkur er greiddur út en í þjónustusamningum kemur það fram í samning. Í sama bréfi er einnig tiltekið að skila eigi inn upplýsingum um nýtingu styrks auk tölulegra upplýsinga úr starfseminni. Einnig að skila skuli ársreikningi á skrifstofu sviðstjóra um leið og hann liggur fyrir eða eigi síðar en í maí sama ár.

Með hvaða hætti var eftirfylgni sviðs/skrifstofu með t.d. hvort framvinduskýrslu væri skilað eða hvort styrkur var greiddur án þess að framvinduskýrslu lægi fyrir. Hvernig eftirfylgni með styrkveitingu, samstarfssamningum og þjónustusamningum hafi gengið með tilliti til skila á áfangaskýrslum, lokaskýrslu, greinargerð um ráðstöfun styrks (eyðublað á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)) og þá hvort greinargerð hafi verið skilað innan 2ja mánaða frá verklokum.

Eftirfylgni með skil á gögnum hefur verið góð. Flestir hafa skilað á réttum tíma eða beðið um frest til að skila ef svo ber við. Einnig höfum við sent út áminningarpóst til styrkþega um miðjan ágúst þar sem við minnum á skil á ársreikningi og að opnað verði umsóknir á rafrænni Reykjavík 1.sept. Styrkur hefur ekki verið greiddur út fyrir en gögnum er skilað.

Hvernig gengið hafi og þá með hvaða hætti lagt var mat á árangur, ráðstöfun fjármagns, starfsáætlun, skil á greinargerð í lok starfsárs v/samstarfssamninga og skil á reikningum. Svára þarf hér hvort fyrirvari vegna fjárhagsáætlunar komi fram í samningum til lengri tíma en árs.

Í öllum samningum með styrkjum frá velferðarsviði eru settir mælikvarðar um árangur sem styrkþega ber að svara í greinargerð um verkefnið. Í samningum til lengri tíma en eins árs er fyrirvari vegna fjárhagsáætlunar.

Hvort verkefni/samningar hafi verið kynntir á fagsviði.

Nokkrir samstarfssamningar eru gerðir á grunni styrkveitingar sem fela í sér samstarf milli styrkþega og starfsmanna velferðarsviðs. Ekki hefur verið sérstök kynning á verkefnum eða samningum á velferðarsviði.

**Hvort krafist hafi verið endurgreiðslna vegna vanefnda á samning eða samningum rift.**

Það hefur ekki komið til vanefnda og því ekki krafist endurgreiðslu.

**Hvort stefnumörkun Reykjavíkurborgar hafi verið kynnt fyrir styrkþegum/ viðsemjendum og þá hvaða stefnumörkun átti við. Með hvaða hætti var eftirfylgnin.**

Stefnumörkun Reykjavíkurborgar hefur verið kynnt styrkþegum þegar það á við s.s. stefna Reykjavíkurborgar í málefnum eldri borgara, stefna í málefnum utangarðsfólks og stefna Reykjavíkurborgar í þjónustu við fatlað fólk á heimilum sínum. Þá er ber öllum samningsaðilum að kynna sér og fara að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

**Hvort samningsaðilum/styrkþegum hafi verið kynnt að þeim bæri að upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg. Með hvaða hætti var eftirfylgnin.**

Í bréfi sem styrkþegar fá send þar sem tilkynnt er um afgreiðslu styrks er tekið fram að þeir aðilar sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg skulu láta þess getið í kynningarefni sínu. Oftar en ekki er þess getið í ársskýrslu styrkþega eða kynningarefni.

**Hvort ábyrgðaraðilar samninga hafi verið skráðir og hvort samningar hafi verið vistaðir í Agresso. Hvort forsendur samninga hafi verið í samræmi við samþykktir. Hvort bókunarblað hafi verið rétt skráð og hvernig það nýttist. Hvort gildistími og ábyrgðaraðili samnings hafi verið skráð í Agresso og áminningarferlið hagnýtt. Ábendingar óskast ef breytinga er þörf.**

Þeir samningar sem koma inn á borð skrifstofu velferðarsviðs eru skráðir inn í Agresso. Gildistími og ábyrgðaraðilar eru skráðir inn og vistaðir. Bókunarblaðið er fyllt út eftir bestu getu og nýttist það vel. Áminningarferlið hefur komið sér vel eftir að það byrjaði að virka á síðasta ári.

**Hvort styrkir hafi verið bókaðir á rétta lykla skv. leiðbeiningum Fjármálaskrifstofu. Vegna fyrirspurnar innri endurskoðunar er sérstaklega spurt eftir með hvaða hætti styrkir í formi aðstöðu og/eða húsnæðis eru skráðir.**

Styrkir hafa verið skráðir eftir leiðbeiningum Fjármálaskrifstofu. Lyklarnir henta velferðarsviði illa og eru margir styrkir skráðir því sem aðrir styrki. Þeir styrkir sem eru vegna aðstöðu eða húsnæðis hafa verið skráðir á lykill 5519 og kostnaðarstað F3615 og kemur hlutur velferðarsviðs fram á reikningi til viðkomandi styrkþega.

**Hvaða ávinningur sé af styrkjahandbók.**

Á skrifstofu velferðarsviðs hefur verið farið eftir handbókinni af bestu getu en sendar hafa verið ábendingar til fjármálaskrifstofu vegna lyklanotkunar sem hentar ekki sviðinu.

**Hvernig hefur ábendingum fjármálaskrifstofu við eftirfylgni við styrkjareglur verið fylgt eftir.**

Velferðarsviði hafa ekki borist sérstakar ábendingar frá fjármálaskrifstofu um eftirfylgni við styrkjareglur.

**Hvernig hefur ábendingum innri endurskoðunar við eftirfylgni við styrkjareglur verið fylgt eftir.**

Velferðarsviði hafa ekki borist sérstakar ábendingar frá innri endurskoðun um eftirfylgni við styrkjareglur.

Fjármálaskrifstofa óskar sérstaklega eftir að gerð verði grein fyrir framkvæmd á samþykkt borgarráðs 26. maí 2016 þar sem styrkjareglum var breytt þannig að við lið 2.4 bættist ný 2. mgr. og 2. mgr. færðist aftar og varð 3.mgr. Nýja málsgreinin orðast svo:

„Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.“

Fjármálaskrifstofa kallar eftir upplýsingum um hvort reglum sviða vegna styrkveitinga, samstarfssamninga og þjónustusamninga hafi verið breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt borgarráðs og þá með hvaða hætti.

Velferðarsvið hefur ekki verið meðvitað um þessa breytingu á styrkjareglum en ný útgáfa af styrkjareglunum með þessari breytingu er ekki að finna á vef borgarinnar. Vegna þessa hefur reglum velferðarsviðs vegna styrkveitinga hefur ekki verið breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt borgarráðs en það mun verða gert í framhaldi af þessari greinargerð.

Kallað er eftir upplýsingum um hvernig framkvæmdinni var háttað og hvar og hvernig kyngreind gögn eru vistuð.

Velferðarsvið hefur ekki óskað eftir kyngreindum gögnum frá styrkþegum hingað til.

Með kveðju,  
f.h. Velferðarsviðs

  
Ellý A Þorsteinsdóttir  
skrifstofustjóri







Ráðhús Reykjavíkur - fjármálaskrifstofa  
Birgir Björn Sigurjónsson  
fjármálastjóri  
Borgartún 12 - 14  
105 REYKJAVÍK

### *Svar við fyrirspurn varðandi eftirfylgni með styrkjareglum á árinu 2016*

Fjármálaskrifstofa óskar eftir upplýsingum frá sviðum borgarinnar og skrifstofu borgarstjórnar um með hvaða hætti var gengið frá styrkveitingum, samstarfssamningum og þjónustusamningum á árinu 2016 og hver eftirfylgni með þeim var. Ítarlegar spurningar fylgdu beiðninni með ýmsum atriðum sem þyrftu m.a. að koma fram.

Svar Menningar- og ferðamálasviðs:

Verklagsreglur menningar- og ferðamálaráðs vegna styrkveitinga 2016 voru samþykktar í menningar- og ferðamálaráði þ. 22. ágúst 2016 og staðfestar af borgarráði þ. 15. september 2016.

Samþykkt var að óska eftir að Bandalag íslenskra listamanna tilnefndi í fjóra einstaklinga og Hönnunarmiðstöð einn til að fara yfir styrkumsóknir 2016. Sérstakar áherslur ráðsins vegna styrkveitinga 2016 voru:

- Listir fyrir og með börnum.
- Grasrót, nýmæli, framsækni og frumkvæði í menningu og listum.
- Endurnýjun eigi sér stað í hópi styrkþega.
- Þróun og efling hátíða.
- Langtímasamningar við samstarfsaðila í menningarlífinu til að efla fagmennsku og styrkja rekstrargrundvöll þeirra.
- Aukið aðgengi og þátttaka nýrra hópa í menningunni.

- Fjölbreytni samfélagsins og breidd menningarlífsins endurspeglar í þáttakendum og njótendum verkefna.
1. **Var styrkþega send skrifleg tilkynning um afgreiðslu styrks, greiðsluskilmála, greiðsludagsetningar, með hvaða hætti var eftirfylgni og skil á framvinduskýrslu?**
  2. **Með hvaða hætti var eftirfylgni sviðs/skrifstofu með t.d. hvort framvinduskýrslu væri skilað eða hvort styrkur var greiddur út án þess að framvinduskýrsla lægi fyrir?**
  3. **Hvernig gekk eftirfylgni sviðs/skrifstofu með styrkveitingu, samstarfssamningum og þjónustusamningum með tilliti til skila á áfangaskýrslum, lokaskýrslu, greinargerð um ráðstöfun styrks og þá hvort greinargerð hafi verið skilað innan 2ja mánaða frá verklokum?**
  4. **Hvernig gekk og með hvaða hætti var lagt mat á árangur, ráðstöfun fjármagns, starfsáætlun, skil á greinargerð í lok starfsárs v. samstarfssamninga og skil á reikningum?**

Svör við fyrstu fjórum spurningunum koma hér fyrst í samandregnu máli:

### **Almennir styrkir innan ársins**

Er ákvörðun ráðsins um styrki 2016 lá fyrir þ. 11. janúar 2016 var tilvonandi styrkþegum sent bréf (sjá fylgiskjal 1) þar sem fram kom m.a.

- styrkuppheð
- greiðsludagsetningar
- að styrkveiting nú feli ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð
- að styrkveiting feli í sér að í kynningarefni og umfjöllun um verkefnið sé þess getið að það er styrkt af Reykjavíkurborg
- að áður en styrkurinn verði greiddur út þurfi styrkhafi að undirrita hjálagða staðfestingu. Staðfestingin gildir í raun sem samningur. (Sjá fylgiskjal 2).

Í samningnum staðfestir styrkhafi með undirritun sinni að:

- verkefnið sem sótt var um verði framkvæmt í samræmi við umsókn
- að undirritaður muni senda greinargerð yfir hvernig styrkfénu var varið að verkefni loknu, eða í síðasta lagi fyrir lok ráðstöfunarárs, á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs
- að undirritaður muni tilkynna skrifstofustjóra menningarmála ef ekki verður af

verkefninu/starfseminni á árinu 2015 eða miklar breytingar hafa orðið á verkefnaáætlun

- að tilkynna ef nýir forsvarsmenn/tengiliðir hafa tekið við verkefninu
- að undirritaður geri sér grein fyrir því að verði ekki af verkefninu áskilji Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða einhverju leyti.

Þessir samningar fylgja alltaf greiðslubeiðni í bókhald. Þetta verklag hefur leitt til þess að:

- styrkþegar fá styrkinn ekki greiddan hafi þeir ekki undirritað samning
- styrkþegar endurgreiða styrk ef ekki verður af verkefninu
- styrkþegar sækja um leyfi til að fá styrkinn eða að halda honum þó breytingar verði á áætlunum.

Ef breytingar eru veigamiklar eru þær bornar undir menningar- og ferðamálaráð. Nokkrum sinnum yfir árið er staðan tekin og kallað eftir staðfestingum ef vantar. Árið 2016 var um 102 almennan styrk að ræða.

Tveir aðilar endurgreiddu styrki þar sem ekki varð af verkefnum á árinu 2016. Tveir aðilar nýttu ekki úthlutaðan styrk.

Staðfestingarsamningur og greinargerð koma í stað framvinduskýrslu.

### **Langtímasamningar.**

Fjórar hátíðir bættust í hóp þeirra sem njóta samstarfsamnings til þriggja ára úr svokölluðum Borgarhátíðasjóði.

Gerðir voru samstarfssamningar til tveggja ára við tvo aðila, og til eins árs við tvo aðila sömuleiðis.

Langtímasamningar eru mun ítarlegri en samningar um árlega styrki (sjá fylgiskjal 3). Þeir skiptast í greinar sem fjalla um markmið, forsögu, framlag styrkþega, framlag Reykjavíkurborgar, ábyrgð, samskipti, eftirlit, vanefndir, meðferð ágreinings, gildistíma, fyrirvara og meðferð ágreiningsmála. Mat er lagt á árangur á árlegum samráðsfundum þar sem farið er yfir framkvæmd samningsins og skýrslur þar um, áherslur fyrir komandi starfsár, áætlun um rekstur og efnahag komandi hátíðar og áritaðan ársreikning fyrra árs. Í öllum samningum eru ákvæði um fyrirvara um framlög Reykjavíkurborgar á samþykkttri fjárhagsáætlun hvers ár.

Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun hátíðarinnar að breyttri fjárveitingu. Undirritaðir langtímasamningar fara fyrir menningar- og ferðamálaráð og borgarráð til staðfestingar. Ekki var um neinar vanefndir að ræða á þessum samningum á árinu 2016, en skil á ársreikningum og samráðsfundir vegna þeirra standa enn yfir eins og kveðið er á um í samningunum.

Aðrir styrkir en ofangreindir eru sérstakir kostnaðarstaðir á fjárhagsáætlun og um þá gilda önnur lög málg og annað eftirlit. Þar eru sérstakir samningar, enn ítarlegri en ofangreindir allt eftir eðli málsins s.s. Leikfélag Reykjavíkur, Listahátíð í Reykjavík, Sjónlistamiðstöð á Korpúlfsstöðum, Bíó Paradís, Loftbrýr, Ráðstefnuborgin Reykjavík, Tjarnarbíó og

húsnæðisstyrkir. Framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands er skv. lögum og framlag til Hörpu skv. samkomulagi ríkis og borgar þar um. Eftirliti er sinnt af fulltrúum borgar í viðkomandi stjórnnum og af stjórnendum á sviðinu. Samráðsfundir eru með þeim sem njóta styrkja til innri leigu.

Svör við spurningum 5-11 hér að neðan.

**5. Voru verkefni/samningar kynntir á fagsviði?**

Já. Formaður menningar- og ferðamálaráðs kynnti styrkveitingar ráðsins 2016 á Kjarvalsstöðum 18. janúar 2016. Þangað var styrkhöfum, fjölmiðlafólki og lykilstarfsmönnum á sviðinu boðið. Fréttatilkynning var send á fjölmiðla og birt á vef Reykjavíkurborgar.

**6. Var krafist endurgreiðslna vegna vanefnda á samning eða samningum rift?**

Já. Krafist og fengið sbr. fyrir ofan. Um 2 styrki var að ræða.

**7. Var stefnumörkun Reykjavíkurborgar kynnt fyrir styrkþegum/viðsemjendum og þá hvaða stefnumörkun? Með hvaða hætti var eftirfylgnin?**

Ráðgefandi fagnefnd um úthlutun styrkja fær stefnumótun sviðsins í menningar- og ferðamálum í farteskið.

Á vefnum er að finna menningarstefnu borgarinnar og ferðamálastefnu. Þar eru einnig reglur Reykjavíkurborgar um styrki og verklagsreglur ráðsins um úthlutanir styrkja sem endurnýjaðar eru árlega með nýjum áherslum. Þær byggja m.a. á stefnumörkun. Á umsóknareyðublaði um styrkina koma fram spurningar tengdar mannréttindastefnu borgarinnar.

**8. Var samningsaðilum/styrkþegum kynnt að þeim bæri að upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þeir njóti styrkja frá Reykjavíkurborg? Með hvaða hætti var eftirfylgnin?**

Sviðið leggur ríka áherslu á kynningu á Reykjavíkurborg. Þegar væntanlegur styrkþegi fær jákvætt svar stendur þetta í bréfinu: „Styrkveiting felur í sér að í kynningarefni og umfjöllun um verkefnið sé þess getið að það er styrkt af Reykjavíkurborg. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á vef Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur](http://www.reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur).“ Jafnframt stendur svipað en ítarlegri kafli í langtímasamningum. Eftirfylgni með þessu er gætt vel í langtímasamningum og eftir atvikum í stuttu samningunum. Ef við rekum augun í að þessa sé ekki gætt nógu vel er áminning send eða hringt í styrkþega, en styrkþegar eru almennt mjög passasamir um þetta og heyrir til algjörra undantekninga ef svo er ekki. Okkur hefur einnig borist liðsauki frá upplýsingafulltrúa SBB sem hefur augun opin með að stærstu styrkhafar kynni stuðning borgarinnar vel.

**9. Hafa ábyrgðaraðilar samninga verið skráðir og hafa samningar verið vistaðir í Agresso? Hafa forsendur samninga verið í samræmi við samþykktir? Var bókunarblað rétt skráð og hvernig nýttist það? Var gildistími og ábyrgðaraðili samnings skráð í Agresso og áminningaferlið hagnýtt? Ábendingar óskast ef breytinga er þörf.**

Ábyrgðaraðilar samnings eru skráðir, samningar vistaðir og við öðru sem spurt er að er svarið

jákvætt.

**10. Voru styrkir bókaðir á rétta lykla skv. leiðbeiningum FMS? Með hvaða hætti eru styrkir í formi aðstöðu og/eða húsnæðis skráðir?**

Já. Styrkir voru bókaðir skv. leiðbeiningum FMS, annars leiðrétt. Styrkir í formi innri leigu árið 2016 voru bókaðir á lykila 5634. Samningar voru stofnaðir í Agressó og fengu samningsnúmer. Styrkir vegna innri leigu eru bókaðir á kostnaðarstaðinn Húsnæðisstyrkir til menningarmála 03140 nema þeir sem njóta eða notið hafa bæði rekstrar- og húsnæðisstyrkja. Þeir eru með sérstaka kostnaðarstaði, s.s. Leikfélag Reykjavíkur í Borgarleikhúsi, Sjónlistamiðstöðin Korpúlfsstöðum og Tjarnarbíó.

**11. Hver telur þú að ávinningur af styrkjahandbók sé?**

Jákvæð fyrirmynd sem gott er bæði að fletta upp í og vísa til. Allt leiðir þetta til faglegrar vinnubragða og gagnsæis.

**12. Hvernig hefur ábendingum fjármálaskrifstofu við eftirfylgni við styrkjareglur verið eftirfylgt?**

Sviðið tekur slíkum ábendingum þakksamlega og leggur sig fram við að hlíta þeim.

**13. Hvernig hefur ábendingum innri endurskoðunar við eftirfylgni við styrkjareglur verið fylgt eftir?**

Kannast síðast við ábendingar til sviðanna frá feb. 2014 og hefur þeim hefur verið fylgt eftir.

**Óskað var eftir að gert væri grein fyrir hvort reglum sviða vegna styrkveitinga, samstarfssamninga og þjónustusamninga hafi verið breytt í samræmi við samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 um kyngreind gögn, og þá hvernig framkvæmdinni var háttað og hvar og hvernig kyngreind gögn eru vistuð.**

Verklagsreglum menningar- og ferðamálaráðs vegna styrkja 2016 var því miður ekki breytt til samræmis við þessa ákvörðun. Það yfirsást.

Um fjölda styrkja er að ræða, allt frá örsmáum verkefnastyrkjum upp í stóra samstarfssamninga til allt að þriggja ára, og nokkrum vandkvæðum bundið að framfylgja þessu ákvæði. Lagt er til að það verði sett inn í fyrirmynd að greinargerð sem öllum almennum styrkhöfum ber að útfylla.

Hins vegar hafa allir sem hlotið hafa styrk samvisskusamlega fyllt út þær spurningar sem nú er í eyðublaðinu fyrir umsóknir um styrki og varða jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu. Fagnefnd um styrki tekur mið af þeim svörum við tillögugerð til ráðsins um menningarstyrki.

Skrifstofustjóri menningarmála hefur gengið á eftir kyngreindum gögnum hjá stærstu styrkhöfum sem eru með langtímasamninga og fengið slíkt. Á samráðsfundum er ætíð spurt um jafnrétti kynjanna og hefur slíkt einnig verið sett inn í nýjustu samstarfssamninga. Þau kyngreindu gögn sem fengist hafa eru vistuð á sameiginlegu drifi skrifstofu sviðsins og í

rafrænu skjalavistunarkerfi og hafa jafnframt verið send starfshópi um kynjaða fjárhagsáætlun



Fylgiskjal 1.pdf . Fylgiskjal 2.pdf Fylgiskjal 3.pdf

Virðingarfyllst

*Auður Halldórsdóttir*

Auður Halldórsdóttir  
verkefnastjóri  
skrifstofa Menningar- og ferðamálasviðs

Hjálagt:

Fylgiskjal 1, fylgiskjal 2, fylgiskjal 3.







Til: menning@reykjavik.is  
Efni: Styrkveiting menningar- og ferðamálaráðs 2016  
Upplýsingar: Sent: 01.03.2017 11:27:19 af Auður Halldórsdóttir, Málarnúmer: RMF15080003, Bréfalyklar: 3. menningar- og ferðamálaráðs

Á fundi sínum þann 11. janúar 2016 ákvað menningar- og ferðamálaráð styrkveitingar ársins 2016 og gerð samstarfssamninga til fleiri ára. Fagnefnd skipuð fulltrúum Bandalags íslenskra listamanna og Hönnunarmiðstöðvar auk Samtaka ferðaþjónustunnar og Höfuðborgarstofu vegna Borgarhátíðarsjóðs fór yfir allar umsóknir sem bárust fyrir tilskilinn umsóknarfrest og kom með tillögur fyrir menningar- og ferðamálaráð, sem samþykktar voru óbreyttar. Alls barst 201 umsókn þar sem sótt var um samtals 450 m.kr. Veitt var viljrði fyrir 102 styrkjum sem námu samtals 86 m. kr.

Menningar- og ferðamálaráð þakkar umsókn (nafn umsækjanda) um framlag vegna (nafn verkefnis).

Samþykkt var að veita verkefninu kr. (upphæð) styrk.

Áður en styrkurinn verður greiddur út þarf styrkhafi að undirrita hjálagða staðfestingu. Styrkurinn verður þá greiddur þ. 16. - 18. mars n.k. og verður lagður inn á bankareikning þann sem skráður er á staðfestingareyðublaðið.

Vinsamlegast athugið að styrkveiting nú felur ekki í sér framtíðarskuldbindingu fyrir borgarsjóð.

Styrkveiting felur í sér að í kynningarefni og umfjöllun um verkefnið sé þess getið að það er styrkt af Reykjavíkurborg. Hægt er að nálgast merki borgarinnar á vef Reykjavíkurborgar, <http://reykjavik.is/skjaldarmerki-reykjavikur>.

Í tilefni styrkjaúthlutunarinnar býður menningar- og ferðamálaráð til móttöku á Kjarvalsstöðum mánudaginn 18. janúar nk. Viðburðurinn hefst kl. 16:00. Boðið verður upp á léttar veitingar. Styrkveitingarnar verða þá fyrst kynntar opinberlega í heild og fjölmiðlum einnig boðið.

Bestu kveðjur,

Auður Halldórsdóttir  
Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar  
411-6031  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík  
[www.reykjavik.is/meningogferdamal](http://www.reykjavik.is/meningogferdamal)  
[audur.halldorsdottir@reykjavik.is](mailto:audur.halldorsdottir@reykjavik.is)



**Styrkúthlutun 2016 samþykkt á fundi menningar- og ferðamálaráðs 11. janúar 2016**

**Styrkþegi:**

**Verkefni:**

**Styrkuppðæð: kr.**

**Greiðist inn á bankareikning: \_\_\_\_\_ kt. \_\_\_\_\_**

Það staðfestist hér með að verkefnið sem sótt var um verður framkvæmt í samræmi við umsókn.

Undirritaður mun senda greinargerð yfir hvernig styrkfénu var varið að verkefni loknu eða í síðasta lagi fyrir lok ráðstöfunarárs og senda á skrifstofu Menningar- og ferðamálasviðs. Eyðublað er á [www.reykjavik.is/styrkir](http://www.reykjavik.is/styrkir)

Undirritaður mun tilkynna skrifstofustjóra menningarmála [signy.palsdottir@reykjavik.is](mailto:signy.palsdottir@reykjavik.is) ef ekki verður af verkefninu/starfseminni á árinu 2016 eða miklar breytingar hafa orðið á verkefnaáætlun. Einnig væri æskilegt að tilkynna ef nýir forsvarsmenn/tengiliðir hafa tekið við verkefninu.

Undirritaður gerir sér grein fyrir því að verði ekki af verkefninu áskilur Reykjavíkurborg sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða einhverju leyti.

Dags.:

Undirskrift:

Sendist til:

Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkurborgar, Vesturgötu 1, 2. hæð.

Einnig má koma á skrifstofu sviðsins og undirrita sams konar eyðublað.

Greiðslur:

16. – 18. mars kr.



Menningar- og ferðamálasvið Reykjavíkur f.h. Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Samtök um danshús, kt. 560710- 0700 gera með sér svofelldan:

## SAMSTARFSSAMNING

um fjárstuðning Reykjavíkurborgar við Samtök um danshús vegna rekstrar Dansverkstæðis – vinnustofu fyrir sjálfstætt starfandi danshöfunda á tímabilinu 1. janúar 2016 til 31. desember 2017.

### 1. gr. Markmið Reykjavíkurborgar

Meginmarkmið með samningi þessum er að styðja við þróun danslistar í Reykjavíkurborg og gera greininni kleift að þróast á eigin vegum í borginni. Með Dansverkstæðisinu er verið að skapa aðstöðu fyrir danslistina og nauðsynlegt vinnurými á viðráðanlegum kjörum svo að nýjar hugmyndir verði að veruleika.

### 2. gr. Forsaga

Dansverkstæðið var stofnað í september árið 2010, og hefur nú þegar skilað miklu til danssamfélagsins. Dansverkstæðið er eini vettvangur sjálfstætt starfandi dansara og danshöfunda, og hefur skapað nýjan og frjóan grundvöll til samstarfs og tengslamyndunar. Dansverkstæðið er vinnustaður danslistamanna og sviðslistamanna í Reykjavík, vinnuveitandi, tengiliður, skrifstofa og félagsmiðstöð.

### 3. gr. Starfsemi og markmið Dansverkstæðisins

Dansverkstæðið vinnur að því að auka gæði og faglega þróun listdansins með því að þjóna danslistamönnum á breiðum grundvelli með:

- Vinnusmiðjum með faglegrri ráðgjöf
- Almennri vinnustofuleigu án faglegrar ráðgjafar
- Reglulegum þjálfunartímum ætluðum atvinnudönsurum
- Námskeiðum sem tengjast dansi, líkamsþjálfun og líkamsvitund
- Þverfaglegum námskeiðum sem tengja dansara við aðrar listgreinar
- Aðgangi að og upplýsingum um alþjóðleg tengslanet og annarri vinnu við alþjóðleg tengsl Dansverkstæðisins
- Að vera aðsetur fyrir fagfélög innan danslistarinnar, líkt og Reykjavík Dance Festival og Félag íslenskra listdansara
- Kynningarstarfi og samskiptum innanlands

Dansverkstæðið opnar rými sín fyrir þátttöku í borgarhátíðunum s.s. Menningarnótt og Barnamenningarhátíð. Jafnframt kynnir það danslistina fyrir börnum og fjölskyldum þeirra með námskeiðum og öðrum viðburðum. Rekstur Dansverkstæðisins er liður í því markmiði samtakanna að komið verði á fót dansúsi sem þjónar danslistinni á breiðum grunni. Mikilvægasta verkefni Samtaka um Danshús næstu misserin er að tryggja Dansverkstæðinu nýtt heimili þar sem að ljóst er að flutningur frá Skúlagötu er yfirvofandi.

### 4. gr. Kynningarmál

Á öllu kynningarefni Dansverkstæðisins jafnt innanlands sem utan, komi fram að Dansverkstæðið sé styrkt af Reykjavíkurborg og birtir það merki Reykjavíkurborgar í því skyni. Tengja skal

TG-SP

ferðavefsvæði Reykjavíkurborgar [www.vistitreykjavik.is](http://www.vistitreykjavik.is) við vef Dansverkstæðisins þegar það á við til að kynna sem best Reykjavík sem áfangastað.

#### 5. gr. Framlag Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum leggur Reykjavíkurborg Samtökum um danshús til í beinum fjárframlögum kr. 2.000.000 á ári 2016 og 2017. Greiðsla framlags skiptist þannig:

kr. 1.000.000 1.-3. mars og kr. 1.000.000 1. – 3. september hvort árið um sig.

Framlag borgarinnar greiðist inn á bankareikning 513 – 26 – 42010.

Framlög Reykjavíkurborgar vegna ársins 2017 eru með fyrirvara um samþykkt fjárhagsáætlunar þess árs. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins á fjárhagsáætlun taka aðilar upp viðræður um aðlögun starfseminnar að breyttri fjárveitingu.

#### 6. gr. Ábyrgð

Samtök um danshús bera ábyrgð á rekstri Dansverkstæðisins og að það fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Samtök um danshús bera ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við þennan samning. Samtökum um danshús er óheimilt að framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja hann með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu.

#### 7. gr. Samskipti og eftirlit

Skrifstofa menningamála á Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar er tengiliður samningsins við Samtök um danshús um Dansverkstæðið. Samráðsfundir aðila samningsins skulu haldnir í maí eða júní ár hvert 2016 og 2017, þar sem farið verður yfir framkvæmd samningsins og tillögur Samtaka um danshús að áherslum Dansverkstæðisins fyrir komandi starfsár. Skrifstofustjóri menningarmála boðar til fundanna. Samtök um danshús skila þá áætlun um rekstur og starfsemi yfirstandandi árs og árituðum ársreikningi fyrra árs.

#### 8. gr. Vanefndir og meðferð ágreinings

Telji Samtök um danshús hættu á að geta ekki uppfyllt samningsbundnar skyldur sínar skal Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar tilkynnt um það skriflega án tafar. Ef ekki tekst að endurskoða verkefnaáætlun þannig að markmiðum samningsins verði náð er heimilt að fella niður greiðslur þar til Samtök um danshús hafa sýnt fram á að þau muni standa við samningsbundnar skyldur sínar samkvæmt ákvæðum samningsins, en að öðrum kosti rifta samningnum. Ef sýnt þykir að framlag Reykjavíkurborgar hafi verið notað í öðru skyni en samkvæmt samningi þessum áskilja aðilar sér rétt til að krefjast endurgreiðslu framlagsins að öllu eða að einhverju leyti eða rifta samningnum.

#### 9. gr. Gildistími

Samningur þessi er gerður í samræmi við samþykkt menningar- og ferðamálaráðs dags. 11. janúar 2016 um styrki og samstarfssamninga ráðsins. Samningurinn gildir til 31. desember 2017. Samningurinn er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

#### 10. gr. Staðfesting og meðferð ágreiningsmála

Samningurinn er gerður með fyrirvara um staðfestingu menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og borgarráðs. Rísi ágreiningsmál út af samningi þessum skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

TG  
MP

Reykjavík, 17. febrúar 2016

F.h. Reykjavíkurborgar

*Sigrún Halodóttir*

F.h. Samtaka um danshús

*Tinna Grétarsdóttir*

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

*Laegja Rút*  
020470-5699

*Sunnýja Ólafsdóttir* 150375-5587







Fjármálaskrifstofa  
Birgir Björn Sigurjónsson, fjármálastjóri  
Borgartúni 12-14  
105 REYKJAVÍK

**Svar við fyrirspurn varðandi framkvæmd styrkjareglna á árinu 2016**

Með bréfum dags. 2. febrúar og 21. mars sl. óskaði fjármálaskrifstofa eftir upplýsingum um með hvaða hætti var gengið frá styrkveitingum, samstarfssamningum og þjónustusamningum á árinu 2016 og hver eftirfylgni með þeim var. Eftirfarandi svar tekur til þeirra samstarfs- og þjónustusamninga sem skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hefur umsjón með en árið 2016 voru það samningar við eftirfarandi:

ReykjavíkurAkademían  
Miðborgin okkar  
Bandalag íslenskra listamanna  
Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum (RIKK)  
Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna (MARK)  
Fjölís  
Fjölsmiðjan  
Fundur fólksins/Almannaheil  
Björgunarsveitirnar í Reykjavík  
Samtökin 78  
Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála

Samningurinn við Fjölís varðar afnot Reykjavíkurborgar af höfundarvörðu efni og felur því ekki í sér styrk eða samstarf líkt og aðrir samningar. Í öllum öðrum tilvikum voru gerðir skriflegir samningar við viðkomandi félagasamtök eða stofnun þar sem kveðið er á um skil á ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags eða skil á ársskýrslu. Í öllum tilvikum er gengið á eftir því þeim gögnum sé skilað og þau vistuð í skjalakerfi Reykjavíkurborgar. Almennt er kveðið á um að skil á ársreikning og greinargerð/ársskýrslu þegar gögnin liggi fyrir eða í síðasta lagi fyrir tilgreindan tíma sem oftast er á vormánuðum. Því hefur gögnum ekki verið skilað fyrir árið 2016 nema í fáeinum tilvikum.

Í fyrnefndum samningum er ætíð gerður fyrirvari um fjárhagsáætlun eða samþykki borgarráðs séu samningar gerðir til lengri tíma en til eins árs. Samningarnir eru allir lagðir lagðir fram í drögum í borgarráði til samþykktar. Almennt er kveðið á um árlegan samráðsfund skrifstofunnar með viðkomandi félagasamtökum eða stofnun þar sem lagt er mat á árangur og ávinning af samstarfinu og eftir því sem við á áherslur lagðar fyrir komandi ár.

Ekki hefur komið til þess á síðustu árum að krafist hafi verið endurgreiðslna vegna vanefnda á samning eða samningum rift.

Stefnumörkun Reykjavíkurborgar hefur ekki verið kynnt með markvissum hætti fyrir viðsemjendum enda er hana að finna í fjölmörgum stefnuskjölum sem í flestum tilvikum eiga ekki við um viðkomandi samninga. Í þeim tilvikum þar sem stefnumörkun borgarinnar á við er leitast við að kynna hana. Í fyrrnefndum samningum er að öllu jöfnu ákvæði um að ef fjárframlag frá Reykjavíkurborg sé notað í öðrum tilgangi en samkvæmt viðkomandi samningi eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilji Reykjavíkurborg sér rétt til að rifta samningnum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Í samningum er að öllu jöfnu kveðið á um að viðsemjendur upplýsi í kynningum á starfsemi sinni eða tilteknum verkefnum að þeir njóti stuðnings Reykjavíkurborgar. Eftirfylgni með því er lítil.

Samningarnir eru vistaðir í Agresso. Um ábyrgðaraðila samninga, bókunarblað, áminningarferli í Agresso, bókunarykla og annað sem snýr að Agresso er vísað til fjármálastjóra Ráðhúss um svör.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarrítara hefur brugðist við ábendingum um eftirfylgni við styrkjareglum sbr. ofangreind svör.

Varðandi samþykkt borgarráðs þann 26. maí 2016 um skil á upplýsingum um kyngreind gögn er rétt að taka fram að skrifstofan hefur ekki samþykkt sérstakar reglur um styrkveitingar heldur fer hún að styrkjareglum fjármálaskrifstofu. Fjórir samningar hafa verið endurnýjaðir frá fyrrnefndri samþykkt borgarráðs þann 26. maí 2016 og í einum þeirra var sett inn ákvæði um að í upplýsingum um ráðstöfun fjárframlags skuli upplýsa um kyngreind gögn eða tilgreina, með vísan í mannréttindastefnu borgarinnar, hverjir eftir atvikum veita eða njóta tiltekinna þjónustu eða gæða vegna fjárframlags Reykjavíkurborgar. Fyrirhugað er að setja slíkt ákvæði inn í alla nýja samninga. Slíkt ákvæði verður einnig sett úthlutunarreglur miðborgarsjóðs sem eru í smíðum og málið tekið upp á fundi stjórnar Vestnorræna sjóðsins hvað varðar úthlutun úr sjóðnum.

Sbr. ofangreint voru ákvæði um kyngreinanleg gögn ekki komin inn í samninga sem hýstir eru á skrifstofu borgarstjóra og borgarrítara fyrir starfsárið 2016 og skilum á slíkum upplýsingum því ekki sinnt fyrir árið 2016. Eins og fyrr segir er fyrirhugað að gera það fyrir nýja samninga fyrir árið 2017.

Ekki hefur verið hugað að því á skrifstofu borgarstjóra og borgarrítara hvernig kyngreind gögn verði vistuð eða birt. Lagt er til að fjármálaskrifstofa geri tillögur þess efnis í samvinnu við starfshóp um gagnastefnu og fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg til að tryggja samræmd vinnubrögð. Jafnframt er lagt til að skoðað verði að útbúa eyðublað til útfyllingar fyrir styrkþega eða samstarfsaðila þar sem sett verði fram hvaða kyngreinanlegu gögnum er óskað eftir. Slíkt eyðublað myndi auðvelda fagsviðum og skrifstofum að framfylgja fyrrnefndri samþykkt borgarráðs frá 26. maí 2016 og verða til þess að söfnun og úrvinnsla upplýsinganna verði með samræmdum hætti.

  
Helga Björg Ragnarsdóttir  
skrifstofustjóri

**From:** Örn Sigurðsson  
**Sent:** 23. mars 2017 15:37  
**To:** Lára Rúnarsdóttir  
**Afrit:** Ólöf Örvarsdóttir; Steinunn Rögnvaldsdóttir  
**Subject:** Viðbrögð við breytingum á styrkjareglum

Sæl Lára.

Allar styrkjareglur okkar eru í endurskoðun, ásamt verklagsreglum og umsóknareyðublöðum. Í fljótu bragði þarf ekki miklar breytingar á styrkjareglunum sjálfum, heldur einungis á verklagsreglum og umsóknareyðublöðum.

Í verklagsreglum verður tryggður ábyrgðarmaður á söfnun kyngreindra gagna og hvar og hvernig á að gera skil á þeim. Í umsóknareyðublöðum verður reitur, þar sem kyn umsækjanda verður tilgreint. Ef breyta þarf reglum, þarfnast þær samþykkis USK- ráðs og borgarráðs og það er dálítið langur ferill. Þeir styrkir, sem veittir eru á sviðinu eru:

Hljóðvistarstyrkir

Heimtraðarstyrkir

Húsverndarstyrkir.

Um þessa styrki gilda sérstakar reglur.

Steinunn Rögnvaldsdóttir fylgir þessum breytingum eftir ásamt undirrituðum.

Kv.

Örn

*Tilvísun í mál: R17020025*

*Góðan dag,*

*Þann 13.febrúar sl. óskaði FMS eftir greinargerð um framkvæmd styrkjareglna. Þar var óskað sérstaklega eftir að sviðin gerðu grein fyrir framkvæmd á samþykkt borgarráðs 26.mai 2016 þar sem nýrri málsgrein var bætt við:*

*„Þeir sem njóta styrkja borgarinnar skulu skila hlutaðeigandi styrkveitanda á vegum borgarinnar (borgarráði eða fagráði) kyngreindum gögnum um þá sem eftir atvikum veita eða njóta tiltekinnar þjónustu eða gæða vegna styrkveitingarinnar skv. nánari reglum hér á eftir. Sama gildir um þá aðila sem fá framlög frá borgarsjóði á grundvelli samstarfs- eða þjónustusamninga.“*

*Þá var óskað eftir upplýsingum um hvort reglum sviða vegna styrkveitinga, samstarfssamningu og þjónustusamninga hafi verið breytt í samræmi við ofangreinda samþykkt. Kallað var eftir upplýsingum um hvernig framkvæmdinni hafi verið háttað og hvar og hvernig kyngreind gögn séu vistuð.*

*Þar sem FMS hefur ekki fengið fullnægjandi upplýsingar um stöðu mála hvað þetta varðar, óskum við eftir útlistun á áformum sviðsins:*

- 1) Hvernig og hvenær hyggst sviðið koma þessum reglum inn í reglur sviðsins um styrkveitingar. Hvernig á að tryggja það að þeir sem sækja um og hljóta styrk/fjármagn frá borginni séu upplýstir um regluna.*
- 2) Hvernig á að fylgja reglunum eftir, og tryggja að slík skil fari fram.*
- 3) Hvernig á að vista og birta söfnun gagna.*

*FMS óskar eftir skilum eigi síðar en fimmtudaginn 23 mars til þess að hægt sé að koma áformum sviðsins inn í skýrslu um framkvæmd styrkjareglna.*

*M.b.kv.*

*Lára Rúnarsdóttir*

*Sérfræðingur*  
*Áætlunar- og greiningadeild*

Örn Sigurðsson, skrifstofustjóri  
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur  
Borgartún 12 – 14, 105 Reykjavík  
Sími 411 8520  
[Orn.sigurdsson@reykjavik.is](mailto:Orn.sigurdsson@reykjavik.is)  
Gsm 693 9641

**HEILDARFJÁRHÆÐIR SAMNINGA EFTIR SVIÐUM Á ÁRINU 2016**

Svið	Samn.fjárhæðir 2016	
Íþróttá- og tómstundasvið	2.670.235.308	
Menningar- og ferðamálasvið	2.088.791.108	
Mannréttindaskrifstofa	7.800.000	
Skóla- og frístundasvið	4.543.711.973	
Umhverfis- og skipulagssvið	64.291.000	
Velferðarsvið	5.344.466.291	
Borgarráð; styrkir og samningsb.	3.266.214.908	
<b>Samtals</b>	<b>17.985.510.588</b>	

**HEILDARFJÁRHÆÐIR SAMNINGA EFTIR SVIÐUM Á ÁRINU 2015**

Svið	Samn.fjárhæðir 2015	
Íþróttá- og tómstundasvið	2.698.201.375	
Menningar- og ferðamálasvið	1.964.652.326	
Mannréttindaskrifstofa	10.832.256	
Skóla- og frístundasvið	4.225.393.502	
Umhverfis- og skipulagssvið	52.860.552	
Velferðarsvið	5.652.166.324	
Borgarráð; styrkir og samningsb.	3.169.779.255	
<b>Samtals</b>	<b>17.773.885.590</b>	1,19%



## Þjónustusamningar

Garðabær	1.817.252
Handverkstæðið Ásgarður	34.407.119
Hjallastefnan ehf	188.607.511
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	50.857.898
Kópavogsbær	61.007.255
Landakotsskóli ses	226.870.534
Rannsóknir og greining ehf	9.459.393
Rey Cup Alþjóðlega Knattspyrnuh	3.000.000
Reykjavík International Sco ses	17.076.990
Samband íslenskra sveitarfélaga	34.064.849
Seltjarnarneskaupstaður	21.801.624
Skóli Ísaks Jónssonar	205.579.379
Strætó bs	956.158.657
Suðurhlíðarskóli	44.417.158
Tjarnarskóli ehf	57.564.564
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	150.099
Valgeir Sigurðsson ehf	300.000
Vínakot ehf.	104.053.323
Vopna slf	23.444.820
Waldorfleikskólinn Sólstafir	57.252.198
Waldorfskólinn í Lækjarbotnum	62.476.812

---

<b>Samtals þjónustusamningar</b>	<b>2.160.367.435</b>
----------------------------------	----------------------

---

## Samstarfssamningar

AE starfsendurhæfing ehf	9.650.000
Áhugamannafélagið Lindy Ravers	300.000
Ás styrktarfélag	1.007.354.858
Blaksamband Íslands	800.000
Blindrafélagið	4.120.000
Blindravinnustofan ehf	2.908.968
Brokey-Siglingafél Reykjavíkur	2.500.000
Domus Vox ehf	19.460.011
Félag áhugamanna um íþr aldr	400.000
Félag einstæðra foreldra	1.250.000
Félag eldri borgara	2.000.000
Félag heyrnarlausra	2.600.000
Félag tónlistarþróunarmið	2.500.000
Félagsbústaðir hf	16.185.002
Fjölskylduhjálp Íslands	1.500.000
Fjölsmiðjan	8.688.492
Frjálsíþróttadeild Fjölnis	600.000
Geðhjálp	4.000.000
Gigtarfélag Íslands	950.000
Gítarskóli Íslands ehf	24.994.231
Glímufélagið Ármann	20.305.273
Guðmundur Sævar Sævarsson	740.000
Hallgrímskirkja	5.000.000

Háskóli Íslands	10.000.000
Hestamiðstöð Reykjavíkur ehf	1.200.000
Hesthúsið ehf	500.000
Hjálparstarf kirkjunnar	2.900.000
Hjálpræðisherinn í Reykjavík	7.000.000
Hugarafli	2.000.000
Iðnó ehf	12.345.459
Íslensk grafik, stéttarfélag	5.061.648
Íþróttabandalag Reykjavíkur	869.464.082
Íþróttafélag fatlaðra Reykjavík	2.000.000
Íþróttafélag Reykjavíkur	40.556.750
Íþróttafélagið Fylkir, aðalstj	19.734.035
Íþróttafélagið Leiknir	17.743.558
Íþróttasamband fatlaðra	1.000.000
JKH-kvikmyndagerð ehf	500.000
Keilusamband Íslands, KLÍ	600.000
KFUM og KFUK	17.568.268
Knattspyrnudeild Þróttar	3.000.952
Knattspyrnufélagið Fram	5.000.000
Knattspyrnufélagið Þróttur	22.929.257
Kristinn Jón Eysteinnsson	2.408.000
Leikfélag Reykjavíkur ses	1.015.314.879
M.S.-félag Íslands	700.000
Menningarfélagið Tjarnarbíó(MTB)	37.570.296
Myndhöggvarafélagið í Reykjavík	10.211.979
Myndlistaskólinn í Reykjav ses	20.000.002
Nýi tónlistarskólinn	80.946.224
Nýlistasafnið	1.860.723
Orlofsnefnd húsmæðra Reykjavík	12.908.312
Píanóskóli Þorsteins Gauta ehf	24.639.792
Púttklúbbur Ness	100.000
Rannsóknir og greining ehf	7.000.000
Rauði kross Íslands	42.896.672
Rekstrarfélag Sjónlistamiðstöðv	27.840.747
Reykjavíkurborg	6.985.613
Reykjavíkurdeild RKÍ	24.541.144
S.Á.Á. sjúkrastofnanir	71.093.737
SAMFOK, samb foreldrafél grunnsk	8.000.000
Samhjálp, félagasamtök	22.395.612
Samtök um Allegro Suzukitónlsk	28.216.172
Samtök um kvennaathvarf	12.500.000
Siegfried ehf	82.185.423
Sinfóníuhljómsveit Íslands	208.630.342
SÍM, samband ísl myndlistarmanna	7.786.283
Sjálfsbjargarheimilið	1.900.000
Sjálfsbjörg höfuðborgarsvæðinu	1.000.000
Sjálfsbjörg landssamb fatlaðra	1.000.000
Sjónarhóll - ráðgjafarmiðst ses	2.200.000
Skáksamband Íslands	3.825.500
Skátasamband Reykjavíkur	19.167.605



Skíðagöngufélagið	1.500.000
Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins	86.253.194
Skógræktarfélag Reykjavíkur	2.800.000
Skógræktarfélag Reykjavíkur	36.354.000
Skvassfélag Reykjavíkur	3.000.000
Slökkvilið höfuðborgarsvæðis bs	806.181.292
SORPA bs	362.773.116
Stelpur rokka!,félagasamtök	2.500.000
Stígamót,samtök kvenna	12.000.000
Strætó bs	1.917.698.737
Styrktarfélag klúbbsins Geysis	3.000.000
Styrktarfélag lamaðra/fatlaðra	4.418.001
Styrktarsjóður Ljósbrots-lýðhei	1.000.000
Suzukitónlistarskólinn í Rvík	73.350.069
Sveitarfélagið Hornafjörður	1.035.000
Söngskólinn í Reykjavík	127.051.197
Taekwondo deild Fram	1.500.000
Taflfélag Reykjavíkur	4.000.000
Telma Hlín Helgadóttir	2.437.066
Tennis- og badmintonfél Reykjav	4.000.000
Tónlistarfélagið Strengir ehf	24.983.697
Tónlistarskóli Árbæjar	60.793.758
Tónlistarskóli F.Í.H.	121.631.400
Tónlistarskólinn í Grafarvog eh	77.150.941
Tónlistarskólinn í Reykjavík	113.457.890
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	60.638.013
Tónskóli Eddu Borg ehf	49.831.861
Tónskóli Sigursv D. Kristinss	221.396.158
Tónskóli Þjóðkirkjunnar	4.705.849
Tónskólinn DO-RE-MI	61.460.203
Tónstofa Valgerðar ehf	19.539.408
Tórshavnar Kommuna	1.780.300
Ungmennafélagið Fjölnir	2.300.000
Ungmennafélagið Fjölnir	13.568.671
Útilífsmiðst skáta Úlfljótsvatn	7.000.000
Vinstrihreyfingin-grænt fram Rv	2.683.980
Víkingaklúbburinn	600.000
Vímulaus æska,foreldrasamtök	5.800.000
<b>Samtals samstarfssamningar</b>	<b>8.267.909.702</b>

#### Almennir styrkir

40.074 km ehf.	1.000.000
Afmælisstyrkir skóla	650.000
Afrika-Lole,áhugamannafélag	200.000
Aladár Rác	150.000
Aldrei óstelandi,félagsamtök	350.000
Alliance Francaise	322.500
Almannaheill,samtök þriðja geir	2.000.000
ALO ÍSLAND, félagasamtök	300.000

Alþjóðleg kvikmyndahá Rvk ehf	7.200.000
Alþjóðlega tónlistarakademian í	500.000
André Bachmann Sigurðsson	250.000
Anna Guðrún Línadal	300.000
Anna Wojtynska	198.000
Arnaldur Gylfason	150.000
Arngerður María Árnadóttir	200.000
Art Centrum sf	200.000
Atvinnuáttak	40.966.511
Austurbæjarskóli	300.000
Áhugamannafélagið Lab Loki	400.000
Árbæjarskóli	180.000
Árselsráð, félagsmiðstöð Árseli	75.000
Áttak, fél fólks með þroskahömlun	300.000
Bandalag íslenskra listamanna	1.060.000
Barnaheill, félag	500.000
Barnamenningarfélagið Skýjaborg	550.000
Berent Karl Hafsteinsson	300.000
Bergdís Júlía Jóhannsdóttir	350.000
Bindindissamtökin IOGT	65.000
Bjartahlíð	80.000
Björgunarsveitin Ársæll	10.000.000
Björt framtíð Reykjavík	3.601.000
Blindrafélagið	78.596.939
Blúshátíð í Reykjavík	2.000.000
Borgarblöð ehf	800.000
Borgarkórinn	750.000
Borgarstjórnarflokkur Sjálfstfl	5.917.000
Bókmenntahátíð í Reykjavík	4.000.000
Brákarborg	360.000
Brokey-Siglingafél Reykjavíkur	1.500.000
Brynhildur Björnsdóttir	200.000
Brynja Pétursdóttir	350.000
Byggingafélag námsmanna ses	1.000.000
Dariusz Tadeusz Górski	100.000
Dirrindí slf.	2.000.000
Druslaganga, félagasamtök	200.000
Dudo ehf.	850.000
Dyngjan áfangenheimili	1.627.068
Easyweb Ísland ehf	608.000
Eldflaugin	270.000
Elísabet Birta Sveinsdóttir	200.000
Emilía Rós Sigfúsdóttir	300.000
Erla Steinþórsdóttir	142.000
Esther Talia Casey	300.000
Eydís Lára Franzdóttir	300.000
Fatahönnunarfélag Íslands	400.000
Fellaskóli	400.000
Ferðafélagið víðsýn	250.000
Félag íslenskra aflraunamanna	200.000

Félag íslenskra gullsmiða	200.000
Félag íslenskra tónlistarmanna	200.000
Félag Litháa og Íslendinga	200.000
Félag Sameinuðu þjóðanna á Ísl	500.000
Félag tónskálda og textahöfunda	300.000
Félag um forvarnarstarf læknan	200.000
Félag um heilbrigðan lífsstíl a	25.000
Félag um heilbrigðan lífsstíl a	25.000
Félags- og tómstundamiðst Gufun	50.000
Félagsmiðstöðin Askja	360.000
Félagsstofnun stúdenta	3.000.000
Fjölsmiðjan	2.683.980
Foreldra/kennarafél Breiðhsk	150.000
Foreldra/kennarafél Laugarnessk	130.000
Foreldrafélag Grandaskóla	450.000
Foreldrafélag Háaleitisskóla	400.000
Foreldrafélag Hlíðaskóla	544.000
Foreldrafélag Langholtsskóla	150.000
Forlagið ehf	580.191
Framsókn í Reykjavík	2.473.000
Freyja Eilíf Helgudóttir	350.000
Friðrik Ómar Hjörleifsson	80.000
Frístundaheimilið Frostheimar	80.000
Frístundaheimilið Gulahlíð	240.000
Frístundaheimilið Selið	180.000
Frístundamiðstöðin Undraland	150.000
Frjálsíþróttadeild Í.R.	316.000
Frostaskjól, félagsmiðstöð	950.000
Frostaskjól, Skýjaborgir og Vesturbæjarskóli	210.000
Fulltrúaráð Samfylkingar í RVK	7.349.000
Furðuleikhúsið	200.000
Fúll á móti sf.	975.000
Garðyrkjufélag Íslands	750.000
Gay Pride-Hinsegin dagar, félag	5.000.000
Geðhjálp	1.000.000
Gerður Kristný Guðjónsdóttir	200.000
Gjörningaklúbburinn, áhugamannaf	300.000
Golfklúbbur Borgarstarfsmanna	250.000
Grandaskóli	640.000
Gróður fyrir fólk, áhugasamtök	3.000.000
Grunnskólar í Breiðholti	900.000
Guðni Elísson	500.000
Guðný Rós Þórhallsdóttir	100.000
Guðrún Jóhanna Rafnsdóttir	200.000
Gufunesbær	600.000
Gufunesbær og grunnskólar í Grafarvogi	240.000
Gufunesbær og Höllin	240.000
Ha, á Íslandi?, félagasamtök	500.000
Hafnarfjarðarkaupstaður	10.225.437
Hafþór Sævarsson	300.000

Hagaskóli	200.000
Hala-leikhópurinn	350.000
Handverk & Hönnun	400.000
Hannesarholt	300.000
Háaloftið, áhugamannafélag	400.000
Hálsaskógur	80.000
Háskóli Íslands	3.775.000
Háteigsskóli	200.000
Heimili kvikmyndanna ses	16.500.000
Heimili og skóli,foreldrasamtök	850.000
Helga Þórarinsdóttir	30.000
Helgi Þór Gunnarsson	250.000
Hið íslenska bókmenntafélag	250.000
Hinsegin kórinn	250.000
Hitt Húsið	1.000.000
Hjálparstarf kirkjunnar	700.000
Hjólafærni á Íslandi	1.000.000
Hjólakraftur slf.	1.226.000
Hlín Agnarsdóttir	250.000
Hólabrekkuskóli	400.000
Hópeflisfélagið	940.000
Hraðar hendur, félag	300.000
Hrefna Birgitta Bjarnadóttir	800.000
Hreyfiland ehf	100.000
Hugarafi	575.000
Hússjóður Öryrkjabandalagsins	8.500.000
Hvergiland, Vættaskóli, Dregyn og Borsbær	141.000
Höndin, félag	600.000
Hönnunarmiðstöð Íslands ehf	7.750.000
IA tónlistarhátíð ehf	9.000.000
IBBY á Íslandi, félag	700.000
Icelandair ehf	2.500.000
Ingibjörg Elísabet Jónsdóttir	300.000
Ingunnarskóli	750.000
Intersex-Ísland, félag intersex	200.000
Izabela Ewa Sobczak	500.000
Íbúasamtök Árbæjar, Ártúnsholt, S	100.000
Íbúasamtök Grafarholts	100.000
Íbúasamtök Laugardals (ÍL)	160.000
Íslensk grafík, stéttarfélag	500.000
Íslensk tónverkamiðstöð	700.000
Íþrótt- og tómstundaráð Rvíkur	1.500.000
Íþróttafélagið Fylkir, aðalstj	14.624.000
Jazzhátíð Reykjavíkur	3.000.000
Jóhanna Vala Höskuldsdóttir	250.000
Kammerhópurinn Nordic Affect	700.000
Kammermúsíkkлубburinn	400.000
Kammersveit Reykjavíkur	2.050.000
Kampur	658.000
Kara Hergils Valdimarsdóttir	250.000

Karlakórinn Fóstbræður	500.000
Katrín Bára Elvarsdóttir	500.000
Kelduskóli	200.000
Kennarasamband Íslands	500.000
KFUM og KFUK	1.500.000
Klak ehf	250.000
Klettaskóli	210.000
Klifurfélag Reykjavíkur	771.900
Kling og Bang Gallerí ehf	4.500.000
Knattspyrnufélagið Víkingur	150.000
Knattspyrnusamband Íslands	62.541.301
Kolbrún Baldursdóttir	150.000
Korpúlarnir, félag eldri borg	400.000
Kóder, félagasamtök	400.000
Kór félagsstarfs aldraðra Rvk	100.000
Kriðpleir-leikhópur, félagasamt	200.000
Kristín María Stefánsdóttir	200.000
Krossgötur, sjálfseignarstofnun	1.319.836
KVAN ehf	500.000
Kvenfélagið Garpur-áhugafélag u	350.000
Kvennakórinn Vox Feminae	250.000
Kvikmyndahátíð í Reykjavík	4.500.000
Kvistaborg	400.000
Laila Margrét Arnþórsdóttir	500.000
Landssamtök hjólreiðamanna	500.000
Landvernd	2.000.000
Langholt	80.000
Laufey Jónsdóttir	75.000
Laufey Sigurðardóttir	160.000
Laugalækjarskóli, Miðberg	260.000
Laugarneskirkja	150.000
Leikfélagið Hugleikur	200.000
Leikhúsið 10 fingur	400.000
Leikskólinn Hof	450.000
Leikskólinn Laufskálar	540.000
Leirlistarfélagið	600.000
Listafélag Langholtskirkju	200.000
Listahátíð í Reykjavík	36.000.000
Listasafn Alþýðusamb Íslands	400.000
Listvinafélag Hallgrímskirkju	500.000
Lókal, leiklistarhátíð ehf	3.000.000
Lúðrasveit Reykjavíkur	350.000
Lúðrasveit verkalýðsins	350.000
Lúðrasveitin Svanur	350.000
Lögreglustjórinn á höfuðborgars	170.000
Main course ehf	1.500.000
Margrét Arnljótsdóttir	200.000
Margrét Kristín Sigurðardóttir	300.000
Með oddi og egg ehf	900.000
Melaskóli	320.000

Melkorka Sigríður Magnúsdóttir	250.000
Menningarfélagið G&G	200.000
Menningarfélagið Tjarnarbíó(MTB	10.000.000
Menningarfélagið Tvíeind	500.000
Miðberg	240.000
Miðborgin okkar	5.000.000
Móðurmál,fél um móðurmkenndu	2.050.000
MSG félagasamtök	300.000
Múlinn - jazzklúbbur	1.000.000
Mýrin,fél um barnabók.m.hátíð	1.200.000
Möguleikhúsið ehf	750.000
Náttúruverndarsamtök Íslands	150.000
Neytendasamtökin	1.200.000
Nýi músíkhópurinn	1.800.000
Nýlistasafnið	9.500.000
Nýlókórinn	300.000
Nýsköpunarsjóður námsmanna	30.000.000
Nýsköpunarsjóður tónl-Musica N	1.000.000
Nýtt takmark, félagasamtök	3.331.232
Opið út, áhugamannafélag	200.000
Orlando Luis Pardo Lazo	1.200.000
Óður ehf.	1.050.000
Óskar Þór Ámundason	500.000
Peter Máté	60.000
Phoebe Anna Jenkins	275.000
Píratar í Reykjavík	1.366.000
Plús film ehf.	350.000
Raflistafélag Íslands	200.000
Ragnheiður Harpa Leifsdóttir	200.000
RaTaTam, félagasamtök	300.000
Rauði kross Íslands	500.000
Reykjavík films ehf	600.000
Reykjavík Peace Festival ehf.	350.000
Reykjavík Dansfestival,félag	3.000.000
Reykjavíkur Akadémían ses	2.000.000
Reykjavíkurborg - þróunarverkefni	39.026.654
Reykjavíkurdæld RKÍ	198.000
Réttarholtsskóli	180.000
Rithöfundasamband Íslands	250.000
Rockall, félagasamtök	500.000
Rodent ehf	400.000
Róttin - félag um málefni kvenna	200.000
S.L.Á.T.U.R. samtök tónsmíða	200.000
Saman hópurinn-fél um forvarnir	600.000
Samhjálp,félagasamtök	2.593.644
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra	500.000
Samtök um barn/ungl.leikh á Ísl	700.000
Samtök um Danshús	2.000.000
Samtök um líkamsvirðingu	500.000
Samtökin '78,félag lesbía/homma	5.700.000

Seljaborg	270.000
Sequences-myndlistarhátíð	1.000.000
Sesselja Guðmunda Magnúsdóttir	125.000
Sigríður Soffía Níelsdóttir	300.000
Sinfóníuhljómsv unga fólksins	1.000.000
Sinfóníuhljómsveit áhugamanna	300.000
Sinfóníuhljómsveit Íslands	2.000.000
SÍM,samband ísl myndlistarmanna	2.000.000
SJS music slf	500.000
Skákakademían	450.000
Skákfélagið Hrókurinn	1.000.000
Skákfélagið Huginn	1.400.000
Skotfélag Reykjavíkur	7.500.000
Skógræktarfélag Íslands	150.000
Skrautás ehf	1.200.000
Sokkabandið,áhugamannafélag	350.000
Solstice Productions ehf.	1.500.000
Sólveig Guðmundsdóttir	300.000
Sónar ehf	4.000.000
Spilavinir ehf	50.000
Spörvar líknarfélag Reykjavík	5.893.808
Stefán A Halldórsson	150.000
Steinunn Marta Önnudóttir	250.000
Stm.fél. Leikskóla Reykjavíkur	220.000
Stórsveit Reykjavíkur	1.800.000
Styrktar/sjúkrasj verslm í Rvk	50.000
Styrktarfélag Aljóða geðheilbri	250.000
Styrktarsjóður Ljósbrots-lýðhei	500.000
Sumarópera unga fólksins, félag	300.000
TC ehf.	500.000
Tónagull ehf	100.000
Tónskáldafélag Íslands	3.000.000
Tónskóli Sigursv D. Kristinss	300.000
Tæknitröllin,starfsmannafélag	425.000
Töfrahurð sf.	250.000
Umferðarstofa	5.000.000
Umsjónarfélag einhverfra	390.000
Ungleikur, félagasamtök	150.000
Unglingaráð knattspyrnud ÍR	175.000
Unicef	100.000
Valgeir Sigurðsson ehf	500.000
Vesturbæjarskóli	360.000
Vinnslan listhópur	200.000
Vinstrihreyfingin-grænt fram Rv	1.920.000
Vímulaus æska,foreldrasamtök	7.000
WIFT á Íslandi, félag	200.000
Þjónustumiðstöð Breiðholts	540.000
Þorsteinn Örn Kolbeinsson	200.000
Þorvaldur Sigurbjörn Helgason	100.000
Þórður Kristinsson	200.000

Pórey Mjallhvít H Ómarsdóttir	250.000
Pórunn Ólafsdóttir	600.000
<b>Almennir styrkir</b>	<b>627.619.001</b>

#### **Fjárfestingastyrkir**

Austurhöfn-TR ehf	579.888.561
Ármann Agnarsson	1.265.000
Barbara Dröfn Fischer	340.000
Berglind Ósk Þorsteinsdóttir	774.000
Bergstaðastræti 45, húsfélag	400.000
Blómapiing ehf	500.000
Bragi Kormákur Bragason	571.000
Egill Ingibergsson	400.000
Einar Jóhannes Traustason	887.000
Grímur Bjarnason	397.000
Grímur Bjarnason	1.275.000
Guðlaug Þórsdóttir	371.000
Guðmundur Árni Þórisson	887.000
Helgi Marinó Magnússon	543.000
Herdís Storgaard	362.000
Hermann Jakob Hjartarson	336.000
Jóhanna Símonardóttir	100.000
Jón Ævar Pálmason	3.008.000
Logia ehf.	100.000
Magnús Hreggviðsson	300.000
Rauðarárstígur 40-42, húsfélag	450.000
Sigríður Dóra Jóhannsdóttir	250.000
Sólrún Sumarliðadóttir	371.000
Stefán Már Jónsson	500.000
Steinunn Björk Bjarkard. Pieper	371.000
Sverrir Guðjónsson	100.000
Viktoría Áskelsdóttir	721.000
Örn Úlfar Höskuldsson	150.000
<b>Fjárfestingastyrkir</b>	<b>595.617.561</b>

11.651.513.699



<b>Svið(T)</b>	<b>Fjárhæð (1)</b>
Framlög til B-hluta fyrirtækja	2.723.880.029,00
Íþróttá- og tómstundasvið	1.258.930.346,00
Menningar- og ferðamálasvið	2.086.791.108,00
Sameiginlegur kostnaður	113.847.268,00
Skóla- og frístundasvið	2.359.903.128,00
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	32.638.300,00
Umhverfis- og skipulagssvið RK	427.064.116,00
Velferðarsvið	2.648.459.404,00
	11.651.513.699,00

